



06
NÝR KJARASAMNING-
UR SAMÞYKKTUR

14
KOSNING TIL
STJÓRNAR VR 2016

24
ÖLDUNGARÁÐ VR
ÖLDUNGAR, JÁ TAKK!

30
AFSLÁTTUR FYRIR
FÉLAGSMENN VR



06

KJARAMÁL

- 06**
Aukið jafnræði á vinnumarkaði
- 08**
Helstu atriði kjarasamnings VR og Samtaka atvinnulífsins 2016
- 10**
Batinn á vinnumarkaði – hvernig skilar hann sér?
- 12**
Úr dómsalnum

KOSNINGAR 2016

- 14**
Úr lögum VR um kosningar
- 15**
Allsherjaratkvæðagreiðsla í VR 2016
- 16**
Kynning á frambjóðendum til stjórnar VR
- 22**
Listi stjórnar og trúnaðarráðs 2016-2018

FÉLAGSMÁL

- 03**
Leiðari
- 04**
Nýir og endurkjörnir trúnaðarmenn VR
- 23**
Klukk tímaskráningarapp
- 24**
Öldungar, já takk!

- 25**
Næstu hádegisfyrirlestrar hjá VR
- 26**
Einn réttur – ekkert svindl!
- 28**
Orlofsmál
- 30**
Afsláttur fyrir félagsmenn VR
- 31**
Ekki gleyma þér!
- 34**
Krossgátan

STARFSMENNTAMÁL

- 32**
Áttin.is
- 33**
Áttu rétt á fræðslustyrk



12



38



Forsíðumynd

Sigrún Erna Guðjónsdóttir - Nýherja
Ljósmynd: Guðmundur Þór Káráson

VR BLAÐIÐ

1. tbl. 38. árgangur mars 2016

Húsi verslunarinnar
Kringlunni 7
103 Reykjavík
Sími 510 1700
vr@vr.is
www.vr.is

Ábyrgðarmaður

Ólafía Björk Rafnsdóttir formaður

Ritstjóri

Unnur Guðriður Indriðadóttir

Ritstjórn

Árni Leósson
Elías Magnússon
Ólafía B. Rafnsdóttir
Steinunn Böðvarsdóttir
Unnur Guðriður Indriðadóttir

Umbrot og útlit

Tómas Bolli Hafþórsson

Ljósmyndir

Birgir Ísleifur, Guðmundur Þór og Árdís Birgisdóttir

Prentun

Oddi

Upplag

27.000

Stjórn VR

Ólafía Björk Rafnsdóttir formaður
Bjarni Þór Sigurðsson varaformaður
Benóný Valur Jakobsson ritari
Birgir Már Guðmundsson
Dóra Magnúsdóttir
Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir
Harpa Sævarsdóttir
Helga Ingólfssdóttir
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Páll Örn Lindal
Ragnar Þór Ingólfsson
Rannveig Sigurðardóttir
Sigurður Sigfússon
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir

Varamenn

Ólafur Reimar Gunnarsson
Óskar Guðmundsson
Sigmundur Halldórsson

KJARASAMNINGAR SAMÞYKKTIR



» Ég vil hvetja félagsmenn til að skoða vel fyrir hvað frambjóðendur standa, nýta kosningarétt sinn og greiða atkvæði í þessum kosningum. Hvert atkvæði skiptir máli. «

ÓLAFÍA B. RAFNSDÓTTIR
FÖRMAÐUR VR

Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði eru nú í höfn og hafa fengið samþykki félagsmanna í atkvæðagreiðslu. Það er afar ánægjulegt að yfirgnæfandi meirihluti þeirra sem tók þátt í atkvæðagreiðslunni, eða yfir 90%, greiddi atkvæði með samningunum.

Að baki eru viðburðaríkir mánuðir sem einkenndust af hörðum átökum á vinnumarkaði. Það var ljóst strax síðla sumars 2015 að forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði, sem undirritaðir voru í maí það ár, væru í hættu. Gerðardómur úrskurðaði í ágúst um kaup og kjör ákveðinna hópa opinberra starfsmanna, en í þeim úrskurði var kveðið á um mun meiri launahækkanir en samningar VR við viðsejndur gerðu ráð fyrir. Kjarasamningar á almenna vinnumarkaðnum gerðu ráð fyrir því að í febrúar á þessu ári myndi forsendunefnd leggja mat á það hvort launastefna og launahækkanir sem samið var um hefðu verið stefnumarkandi fyrir aðra samningagerð á vinnumarkaði. Með úrskurði gerðardóms var ljóst að sú forsenda væri brostin.

SAMRÆMING LÍFEYRISRÉTTINDA

Eftir nokkurra mánaða samningaviðræður lá fyrir kjarasamningur sem kveður á um leiðréttingu launa á almenna vinnumarkaðnum í ljósi þróunar á hinum opinbera markaði. En þessi samningur er meira en eingöngu launaleiðrétting; markmið hans er einnig að samræma lífeyrisréttindi starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði – sem hefur verið baráttumál stéttarféлага á almenna markaðnum til margra ára. Í samningnum er gert ráð fyrir auknu framlagi atvinnurekenda í lífeyrissjóð, sem mun leiða til þess að réttindaávinnsla starfsmanns á almenna vinnumarkaðnum, sem greiðir í lífeyrissjóðs samkvæmt þessu alla starfsævi sína, aukist um rúmlega þriðjung – fari úr 56% af meðaltali tekna í 76%. Með þessum samningi er tekið stórt skref í þá átt að jafna stöðu starfsmanna á vinnumarkaði, hvar sem þeir kjósa að starfa. Því ber að fagna.

NÆSTU SKREF

Kjarasamningurinn byggir á rammasamkomulagi aðila vinnumarkaðarins frá því í október á síðasta ári. Það samkomulag gerir ráð fyrir nýjum aðferðum og nýjum vinnubrögðum við gerð kjarasamninga – við stefnum að nýju samningalíkani fyrir íslenskan veruleika. Þátttaka félagsmanna er grundvallaratriði í þeirri vinnu sem nú er hafin við þetta mikilvæga verkefni. Á vormánuðum er gert ráð fyrir stórum og fjölmennum vinnufundi og vonast ég til að margir félagsmenn VR leggi þar sitt af mörkum. Afrakstur þessarar vinnu verður svo lagður í dóm félagsmanna VR og annarra stéttarféлага í atkvæðagreiðslu.

KOSIÐ TIL STJÓRNAR VR

Nú í marsmánuði er kosið til stjórnar VR fyrir kjörtímabilið 2016-2018. Kosið er um helming stjórnarmanna á hverju ári, eða sjö talsins, og alla varamenn stjórnar, en þeir eru þrír. Alls bjóða þrettán einstaklingar fram krafta sína þetta árið. Í þessu blaði og á vef félagsins, www.vr.is, kynna þeir sig og áherslur sínar. Ég vil hvetja félagsmenn til að skoða vel fyrir hvað frambjóðendur standa, nýta kosningarétt sinn og greiða atkvæði í þessum kosningum. Hvert atkvæði skiptir máli. [VR](#)

Ólafía B. Rafnsdóttir,
formaður VR.



NÝIR OG ENDURKJÖRNIR TRÚNAÐARMENN VR

NAFN

Anna Bryndís Hendriksdóttir
 Arnaldur Grétarsson
 Ásgeir Júlíus Gíslason
 Ásmar Örn Brynjólfsson
 Ásta Ragna Stefánsdóttir
 Benedikt Ingvason
 Brynjar Joensen Creed
 Dóra Eyland Garðarsdóttir
 Ellen Rós Baldvinsdóttir
 Eva Sigurbjörnsdóttir
 Eydís Hauksdóttir
 Gróa Norðfjörð Jónsdóttir
 Gróa Rún Hlynsdóttir
 Guðlaug Birgisdóttir
 Hallur Þór Halldórsson
 Hildur Björnsdóttir
 Hildur Kristín Stefánsdóttir
 Ingibjörg Einarsdóttir
 Ingvar Júlíus Tryggvason
 Íris Rise
 Jóhanna Jóna Cl Gunnlaugsdóttir
 Katrín Magnúsdóttir
 Margrét E. Halldórsdóttir
 Sigríður Þóra Þórðardóttir
 Svanhildur Skúladóttir
 Svava Björk Jónsdóttir
 Víglundur Þór Víglundsson
 Vordís Þorvaldsdóttir

VINNUSTAÐUR

Rauði krossinn á Íslandi
 PV Hugbúnaður hf.
 Nói-Sírius hf.
 Fálkinn hf
 Atlantik ehf.
 Danfoss hf.
 Innnes, Fossaleyni
 Golfklúbbur Reykjavíkur
 Alcoa Fjarðaál sf.
 Innnes, Fossaleyni
 Vátryggingafélag Íslands hf.
 Hagkaup, Garðabæ
 Innnes, Bæjarflöt
 Gámaþjónustan hf.
 Bookingdotcom ehf.
 Blindrafélagið
 PV Hugbúnaður hf.
 Krabbameinsfélag Ísl.
 Nýherji hf.
 Bónus, Egilsstaðir
 Prentmet ehf
 Eskimóar ehf.
 Ferðaþjónusta bænda hf
 Brammer Ísland ehf.
 NOVA
 Batteríið Arkitektar ehf.
 Reykjavík Excursions ehf.
 Distica hf.

Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað?



AUKIN ÞJÓNUSTA VIÐ FÉLAGSMENN

VR hefur gert samning við Flugfélagið Ernir um afslátt af flugfargjöldum til félagsmanna VR. Einungis er hægt að kaupa flugávisun á orlofsvef VR undir "Gjafabréf og kort". Flugávisunin gildir í tvö ár frá útgáfudegi og sama verð er á flugmiðanum þann gildistíma.

ÞAÐ SEM FÉLAGSMAÐUR VR ÞARF AÐ GERA:

- Kaupa flugávisun á orlofsvef VR.
- Hringja í Flugfélagið Ernir í síma 562-2640 og panta flugsæti.
- Gefa upp númer sem er á flugávisuninni.
- Framvísa flugávisuninni við innritun í flug.

Tilboð til félagsmanna VR miðast við flug til Vestmannaeyja, Húsavíkur, Hafnar í Hornafirði og Bíldudals.

VERÐ TIL FÉLAGSMANNA VR ERU EFTIRFARANDI:

Vestmannaeyjar	8.800 kr.
Höfn	12.700 kr.
Húsavík	13.500 kr.
Bíldudalur	9.200 kr.

Athugið að takmarkanir eru á flugi til Hafnar í Hornafirði og Vestmannaeyja yfir sumartímann. Nánari upplýsingar eru á orlofsvef VR.

AÐALFUNDUR VR

AÐALFUNDUR VR VERÐUR
HALDINN Á HILTON
REYKJAVÍK NORDICA
ÞRIÐJUDAGINN 29. MARS NK.
OG HEFST KL. 19.30.

DAGSKRÁ FUNDARINS
ERU VENJULEG
AÐALFUNDARSTÖRF.



AF HVERJU RAFRÆN SKILRÍKI OG ÍSLYKILL?

VR hefur ákveðið að bjóða eingöngu upp á rafræn skilríki og Íslykil við innskráningu á Mínar síður á vef félagsins og bættist þar í hóp fjölmargra félaga og fyrirtækja sem hafa ákveðið að nýta þessa leið til innskráningar á vef.

Markmið okkar með þessum breytingum er fyrst og fremst að auka rafrænt öryggi félagsmanna og auðvelda þeim innskráningu. Fjölmargir einstaklingar nota nú þegar rafræn skilríki eða Íslykil til að skrá sig inn á ýmsar síður. Innskráning með Íslyklinum er keimlík þeirri leið sem við notuðum áður, þegar hægt var að sækja um að fá sent lykilorð í heimabanka (rafræn skjöl). Nú er hægt að fá Íslykilinn sendan beint í heimabanka.



MÁ BJÓÐA ÞÉR Á SUMARTÓNLEIKA?

VR býður félagsmönnum sínum á tónleika til að fagna sumarkomu. Tónleikarnir verða haldnir í fundarsal VR í Húsi verslunarinnar í hádeginu **fimmtudaginn 28. apríl**. **Jógván Hansen** og **Vignir Snær Vigfússon** hafa sett saman skemmtilega sumardagskrá sem mun án efa koma okkur í gott sumarskap.

Við bendum félagsmönnum á að sætaframboð er takmarkað og því mikilvægt að skrá sig á tónleikana á vef VR, www.vr.is.



VEIKINDARÉTTUR

Ef starfsmaður veikist og getur ekki sótt vinnu skal hann tilkynna það yfirmanni sínum. Vinnuveitandi ákveður hvort læknisvottorðs skal krafist og greiðir hann þá fyrir það. Félagsmenn VR ávinna sér veikindarétt sem hér segir:

Á fyrsta ári, tveir dagar fyrir hvern unninn mánuð.

Eftir 1 ár í starfi hjá sama vinnuveitanda, tveir mánuðir á hverju 12 mánaða tímabili.

Eftir 5 ár í starfi hjá sama vinnuveitanda, fjórir mánuðir á hverju 12 mánaða tímabili.

Eftir 10 ár í starfi hjá sama vinnuveitanda, sex mánuðir á hverju 12 mánaða tímabili.



Kjarasamningar VR við Samtök atvinnulífsins annars vegar og Félag atvinnurekenda hins vegar voru kynntir á fundum með félagsmönnum í Reykjavík, Vestmannaeyjum og á Austurlandi í febrúar. Fundirnir voru vel sóttir og skapaðist mikil og góð umræða.

AUKIÐ JAFNRÆÐI Á VINNUMARKAÐI

Nýir kjarasamningar við Samtök atvinnulífsins annars vegar og Félag atvinnurekenda hins vegar voru samþykktir með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða í kosningum sem stóðu dagana 16. til 24. febrúar, eða yfir 90% greiddra atkvæða. Formaður VR lýsir yfir ánægju með afgerandi stuðning í kosningunum.

Kjarasamningur á hinum almenna vinnumarkaði milli aðildarfélaga Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins var undirritaður þann 21. janúar sl. Þann 22. janúar var undirritaður samningur milli VR og Félags atvinnurekenda sem var nánast samhljóða samningnum við SA. Gildistími samninganna er frá 1. janúar 2016 til loka árs 2018. Niðurstaða atkvæðagreiðslu um samningana er sem hér segir:

ATKVÆÐAGREIÐSLA UM KJARASAMNING VIÐ SAMTÖK ATVINNULÍFSINS:

Atkvæðagreiðsla um kjarasamninginn við Samtök atvinnulífsins var sameiginleg hjá öllum aðildarfélögum Alþýðusambandsins. Já sögðu 9.724, eða 91,28%. Nei sögðu 832, eða 7,81%. Auðu skiluðu 97, eða 0,91%. Á kjörskrá voru 75.635. Atkvæði greiddu 10.653, eða 14,08%.

ATKVÆÐAGREIÐSLA UM KJARASAMNING VIÐ FÉLAG ATVINNUREKENDA:

Kjarasamningur VR og Landssambands ísl. verzlunarmanna við Félag atvinnurekenda var lagður í dóm VR og annarra aðildarfélaga Landssambands ísl. verzlunarmanna. Já sögðu 294, eða 91,59%. Nei sögðu 25, eða 7,79%. Auðu skiluðu 2, eða 0,62%. Á kjörskrá voru 1.677. Alls greiddi 321 atkvæði, eða 19,14%.

Með undirritun þessara kjarasamninga var brugðist við þeirri stöðu sem upp kom á vinnumarkaði í kjölfar úrskurðar gerðardóms í ágúst 2015, en hann gerði ráð fyrir meiri launahækkunum til hópa opinberra starfsmanna en samningar á almenna vinnumarkaðnum frá því í maí árið 2015 sögðu til um. Nýir samningar gera hins vegar ráð fyrir sambærilegri hækkun á almenna vinnumarkaðnum og á hinum opinbera á samningatímanum.



SAMNINGARNIR KYNNTIR

Kjarasamningarnir voru kynntir á fundum með félagsmönnum í Reykjavík, Vestmannaeyjum og á Austurlandi í febrúar. Fundirnir voru vel sóttir og mikil og góð umræða skapaðist.

AFGERANDI NIÐURSTAÐA

Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR, er ánægð með afgerandi niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar og segir samningana stórt skref í átt að auknu jafnræði á almennum og opinberum vinnumarkaði. Markmiðið sé m.a. að jafna ávinnslu lífeyrisréttinda milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins. „Við höfum lengi barist fyrir því að jafna lífeyrisréttindi á vinnumarkaði og samþykkt bókanir þar að lútandi í kjarasamningum. Það er því sérlega ánægjulegt að sjá loksins til lands með þetta stóra réttindamál launafólks á almenna vinnumarkaðnum.“



Í tengslum við gerð kjarasamninganna frá því í maí 2015 gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu, m.a. um breytingar á húsnæðiskerfinu þannig að á næstu fjórum árum yrðu byggðar um 600 íbúðir á ári hverju. Í forsendum samninganna var gert ráð fyrir því að forsendunefnd mæti það í febrúar árið 2016 hvort fullar efndir hefðu verið á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Ólafía segir sátt ríkja um að fresta þessu mati til ársins 2017, og er það þá ný forsenda fyrir þeim kjarasamningum sem nú hafa hlotið samþykki félagsmanna. [VR](#)



HVAÐ ER KJARASAMNINGUR?

Kjarasamningur er samningur sem gerður er milli stéttarfélags annars vegar og atvinnurekanda, félags atvinnurekanda eða sambands atvinnurekanda hins vegar um kaup og kjör og nær til allra þeirra launamanna sem vinna á félagssviði stéttarfélagsins. Kjarasamningur kveður á um laun, vinnutíma, yfirvinnu, orlof, veikindarétt, uppsagnarrétt og fleiri atriði sem snerta kjör fólks.

VR gerir kjarasamninga við tvö samtök atvinnurekanda, Samtök atvinnulífsins (SA) og Félag atvinnurekanda (FA). Þá gerir félagið samninga við fjölmörg fyrirtæki sem standa utan ofangreindra samtaka.



HELSTU ATRIÐI KJARASAMNINGS VR OG SAMTAKA ATVINNULÍFSINS 2016

Skrifað var undir kjarasamning VR og Landssambands ísl. verzlunarmanna annars vegar og Samtaka atvinnulífsins hins vegar þann 21. janúar 2016. Þann 22. janúar var skrifað undir kjarasamning við Félag atvinnurekenda. Samningarnir eru nánast samhljóða. Hér að neðan eru því birt helstu atriði kjarasamningsins við Samtök atvinnulífsins, en báða samningana má nálgast á heimasíðu VR www.vr.is

GILDISTÍMI

Samningurinn gildir frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2018.

GRUNDVÖLLUR SAMNINGSINS

Í 1. grein samningsins segir að hann byggji á rannsamkomulagi aðila vinnumarkaðarins frá 27.10.2015 og bókun um lífeyrisréttindi frá 5.5.2011.

Markmið samningsins er því tvíþætt:

- Að auka lífeyrisréttindi á almennum vinnumarkaði úr 56% í 76% af meðalævitekjum og jafna ávinnslu lífeyrisréttinda milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins. Til að ná þessu þarf að hækka í áföngum mótframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð um 3,5%, úr 8% í 11,5%.
- Að laga launa- og kjarabreytingar árána 2016-2018 að rannsamkomulagi aðila vinnumarkaðarins frá 27.10.2015.

GILDISSVIÐ

Í 2. gr. samningsins er fjallað um gildissvið. Þar segir að samningurinn taki til þeirra almennu kjarasamninga sem aðilar gerðu sín á milli á tímabilinu maí til september 2015. Aðra kjarasamninga aðila, sem og samninga sem byggja á 5. kafla aðalkjarasamninga um fyrirtækjapátt, skal uppfæra sérstaklega í samræmi við grein 2.b. í rannsamkomulagi, dags. 27. október 2015, sem segir að kostnaðarhækkun vegna kjarasamninga (að meðtöldum kostnaði vegna jöfnunar lífeyrisréttinda) skuli ekki verða meiri en samsvarar vísitölugildinu 132 í árslok 2018, miðað við gildið 100 í nóvember 2013. Þessari vinnu verði lokið fyrir lok mars og miðist við að breytingar taki gildi á sömu dagsetningum og í þessum samningi.

FRAMLAG Í LÍFEYRISSJÓÐI

Í 3. gr. samningsins er fjallað um aukið framlag í lífeyrissjóði. Framlag launagreiðenda hækkar og verður eftirfarandi:

Árið 2016:

Framlag atvinnurekenda hækkar 1. júlí 2016 um 0,5%-stig og verður 8,5%

Árið 2017:

Framlag atvinnurekenda hækkar 1. júlí 2017 um 1,5%-stig og verður 10,0%

Árið 2018:

Framlag atvinnurekenda hækkar 1. júlí 2018 um 1,5%-stig og verður 11,5%

Í greininni segir m.a.:

„Samstaða er meðal aðila vinnumarkaðar um samræmingu lífeyrisréttinda milli almenna

og opinbera vinnumarkaðarins þannig að einstaklingum á vinnumarkaði verði, við 67 ára aldur, tryggður mánaðarlegur ellilífeyrir sem nemi 76% af meðaltals mánaðartekjum sem viðkomandi höfðu á starfsævinni. Almenna lífeyriskerfið hefur hingað til miðast við 56%. Þessi trygging felur í sér 35% meiri ávinnslu lífeyrisréttar en áður og næst með hækkun framlags launagreiðenda úr 8,0% í 11,5%. Við endurskoðun kjarasamnings ASÍ og SA um lífeyrismál, sem ljúka skal fyrir lok maí 2016, verði einstaklingum heimilt að ráðstafa, að hluta eða fullu, 3,5% auknu framlagi launagreiðanda í bundinn séreignarsparnað í stað samtryggingar til að auðvelda launafólki starfslok og auka sveigjanleika. Með bundum séreignarsparnaði er átt við að settar eru þrengri skorður en gilda gagnvart öðrum viðbótarlífeyrissparnaði.“

ALMENNAR LAUNABREYTINGAR

Árið 2016:

Í stað 5,5% launaþróunartryggingar kemur 6,2% almenn launahækkun, að lágmarki kr. 15.000 á mánaðarlaun fyrir dagvinnu, þ.m.t. hækkun annarra kjaratengdra liða en desember- og orlofsuppbóta. Launahækkunin kemur til framkvæmda 1. janúar 2016 í stað 1. maí 2016 og kemur hækkun dagvinnutekjuþyngingar einnig til framkvæmda þá. Samningnum fylgir bókun um launabreytingar 2016 sem er svohljóðandi:

„Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. [ákvæðis um almennar launabreytingar í samningnum] og þrátt fyrir ákvæði bókunar aðila frá 5.5.2011 um almennar launahækkunar, er launagreiðanda heimilt að draga frá umsáminni launahækkun á árinu 2016, ótilkynnta almenna hækkun launa starfsmanna sem framkvæmd hefur verið eftir gildistöku

kjarasamninga viðkomandi aðildarsamtaka á árinu 2015 og fram að undirskrift þessa samnings, hafi launagreiðandi framkvæmd slíka hækkun launa gagnvart þorra starfsmanna. Þó skal enginn starfsmaður fá minna en 6,2% launahækkun, að lágmarki kr. 15.000 á mánaðarlaun fyrir dagvinnu, á tímabilinu 2. maí til 31. desember 2015.“

Árið 2017:

Í stað 3,0% almennrar launahækkunar 1. maí 2017 kemur 4,5% almenn launahækkun

Árið 2018:

Í stað 2,0% almennrar launahækkunar 1. maí 2018 kemur 3,0% almenn launahækkun

FORSENDUR SAMNINGSINS

Í 5. gr. samningsins segir:

„Hafi þau frumvörp sem félags- og húsnæðis-málaráðherra flutti á Alþingi í desember 2015 um húsnæðisbætur og almennar íbúðir ekki verið afgreidd sem lög án verulegra efnisbreytinga fyrir lok febrúar 2016, eru aðilar sammála um að fresta skoðun forsendunefndar í febrúar 2016 hvað þessi frumvörp varðar til febrúar 2017 og telst það þá vera ný forsenda.“

AFGREIÐSLA SAMNINGSINS

Í 6. gr. samningsins er fjallað um afgreiðslu hans. Þar er vísað í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938, Lög um stéttarfélög og vinnudeilur, þar sem fjallað er um heimild samninganefndar samningsaðila að „kveða á um sameiginlega atkvæðagreiðslu félagsmanna hlutaðeigandi félaga eftir því sem nefndin kann að ákveða hverju sinni eða um kann að semjast með kjarasamningi.“

Í 6. gr. samningsins segir að hann skuli bera upp í sameiginlegri atkvæðagreiðslu félagsmanna allra aðildarfélaga Alþýðusambandsins sem taka laun skv. almennum kjarasamningum við SA frá í maí til september 2015 og skulu atkvæði talin sameiginlega. Með sama hætti verði kjarasamningurinn borinn upp í sameiginlegri atkvæðagreiðslu aðildarfyrirtækja Samtaka atvinnulífsins. [vr](#)

Kjarasamningur VR og SA 2016 - launatöflur

AFGREIÐSLUFÓLK Í VERSLUNUM

1. janúar 2016	Mánaðarlaun	Dagvinna	Eftirvinna	Næturvinna	Yfirvinna	Stórh. álag
14 ára unglingar	154.752	910,31	1.274,43	1.365,46	1.607,10	2.127,84
15 ára unglingar	177.216	1.042,45	1.459,43	1.563,67	1.840,39	2.436,72
16 ára unglingar	209.664	1.233,32	1.726,64	1.849,98	2.177,36	2.882,88
17 ára unglingar	222.144	1.306,73	1.829,42	1.960,09	2.306,97	3.054,48
18 og 19 ára	237.120	1.394,82	1.952,75	2.092,24	2.462,49	3.260,40
Byrjunarlaun 20 ára	249.600	1.468,24	2.055,53	2.202,35	2.592,10	3.432,00
Eftir 6 mánn í fyrirtæki	256.884	1.511,08	2.115,52	2.266,62	2.667,74	3.532,16
Eftir 1 ár í fyrirtæki	258.343	1.519,67	2.127,53	2.279,50	2.682,89	3.552,22
Eftir 2 ár í fyrirtæki	266.449	1.567,35	2.194,29	2.351,02	2.767,08	3.663,68
Eftir 5 ár í fyrirtæki	270.851	1.593,24	2.230,54	2.389,87	2.812,79	3.724,21

SÉRÞJÁLFAÐIR STARFSMENN VERSLANA

1. janúar 2016	Mánaðarlaun	Dagvinna	Eftirvinna	Næturvinna	Yfirvinna	Stórh. álag
Byrjunarlaun	254.506	1.497,09	2.095,93	2.245,64	2.643,04	3.499,46
Eftir 6 mánn í fyrirtæki	262.602	1.544,72	2.162,60	2.317,07	2.727,12	3.610,77
Eftir 1 ár í fyrirtæki	264.129	1.553,70	2.175,18	2.330,55	2.742,98	3.631,77
Eftir 2 ár í fyrirtæki	272.602	1.603,54	2.244,95	2.405,31	2.830,97	3.748,27
Eftir 5 ár í fyrirtæki	277.107	1.630,04	2.282,05	2.445,06	2.877,75	3.810,22

SKRIFSTOFUFÓLK

1. janúar 2016	Mánaðarlaun	Dagvinna	Eftirvinna	Næturvinna	Yfirvinna	Stórh. álag
Byrjunarlaun	277.586	1.734,91	2.428,87	2.602,36	2.882,73	3.816,80
Eftir 5 ár í starfsgrein	283.541	1.772,13	2.480,99	2.658,20	2.944,58	3.898,69

LYFJATÆKNAR

1. janúar 2016	Mánaðarlaun	Dagvinna	Eftirvinna	Næturvinna	Yfirvinna	Stórh. álag
Byrjunarlaun	271.205	1.595,32	2.233,45	2.392,99	2.816,46	3.729,07
Eftir 6 mánn í starfsgr.	274.487	1.614,63	2.260,48	2.421,94	2.850,54	3.774,19
Eftir 3 ár í starfsgrein	279.864	1.646,26	2.304,76	2.469,38	2.906,38	3.848,12
Eftir 5 ár í sama fyrirt.	287.461	1.690,95	2.367,33	2.536,42	2.985,28	3.952,59

GESTAMÓTTAKA

1. janúar 2016	Mánaðarlaun	Dagvinna	33% álag	45% álag	Yfirvinna	Stórh. álag
Byrjunarlaun	263.948	1.552,64	2.065,01	2.251,32	2.741,10	3.629,29
Eftir 6 mánn í starfsgr.	265.044	1.559,08	2.073,58	2.260,67	2.752,49	3.644,36
Eftir 1 ár í starfsgrein	266.140	1.565,53	2.082,16	2.270,02	2.763,87	3.659,43
Eftir 3 ár í starfsgrein	270.272	1.589,83	2.114,48	2.305,26	2.806,77	3.716,23
Eftir 5 ár í sama fyrirt.	275.142	1.618,48	2.152,58	2.346,80	2.857,35	3.783,20

ORLOFSUPPBÓT 2016 KR. 44.500

DESEMBERUPPBÓT 2016 KR. 82.000

Kjarasamningur VR og FA 2016 - launatöflur

VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLK

1. janúar 2016	Mánaðarlaun	Dagvinna	Yfirvinna	Stórh. álag
Yngri en 16 ára ungl.	208.802	1.329,95	2.168,41	2.871,03
16 og 17 ára ungl.	222.723	1.418,62	2.312,97	3.062,44
Byrjunarlaun	278.403	1.773,27	2.891,22	3.828,05

ORLOFSUPPBÓT 2016 KR. 44.500

DESEMBERUPPBÓT 2016 KR. 82.000


BATINN Á VINNUMARKAÐI – HVERNIG SKILAR HANN SÉR ?

Pegar fjallað er um bata á vinnumarkaði er algengast að horfa til þróunar atvinnuleysis. Atvinnuleysi segir hins vegar ekki alla söguna, þar sem afskráning af atvinnuleysissskrá þýðir ekki að viðkomandi hafi fengið vinnu. Af þeim sem voru afskráðir af atvinnuleysissskrá árið 2013 fóru 63% í vinnu en 11% höfðu fullnýtt bótarétt eða biðstyrk. Þessu til viðbótar er opinber skilgreining á atvinnuleysi þröng; til að teljast atvinnulaus þarf viðkomandi m.a. að vera virkur í atvinnuleit og geta hafið vinnu innan tveggja vikna. Hafi einstakling gefist upp við leit að vinnu telst hann ekki atvinnulaus, og geti viðkomandi ekki hafið störf innan tveggja vikna telst hann ekki heldur atvinnulaus.

Bata á vinnumarkaði er þannig í raun betur lýst með því að skoða hlutfall mannfjöldans á vinnufærum aldri sem er í vinnu. Í því tilfalli er talað um hlutfall starfandi, sem hægt er að skoða eftir aldurshópum og kyni. Þannig má fá mynd af því hvort batinn á vinnumarkaði dreifist jafnt milli aldurshópa og kynja eða ekki. Mynd 1 sýnir hlutfall starfandi fyrir vinnumarkaðinn í heild, en það mældist 79,2% árið 2015, sem er svipað og 2003. Til að ná hámarkinu 2007, sem var 81,5%, þyrfti starfandi að fjölga um 7.400.

Hlutfall starfandi

Mynd 1



Þrátt fyrir að batinn á vinnumarkaði, miðað við hlutfall starfandi, hafi verið góður frá hrúni hefur hann skilað sér misvel til fólks eftir aldri og kyni. Þó skal tekið fram að hluti þeirra sem flokkast sem starfandi er launamenn í hlutastarfi en vilja vinna meira. Árið 2015 voru þeir 3,8% af mannfjölda á vinnufærum aldri. Í greiningunni hér að neðan er talað um hlutfall starfandi en þó án þeirra sem eru í hlutastarfi og vilja vinna meira. Sá hópur flokkast undir falið atvinnuleysi, sem fjallað er um á næstu síðu.




VIÐAR INGASON
HAGFRÆÐINGUR VR

BATINN EFTIR ALDRI OG KYNI

Batinn hefur verið nokkuð meiri hjá konum en körlum; hlutfall starfandi hjá körlum er 4 prósentustigum fyrir neðan hámarkið fyrir hrun en aðeins 1,6 prósentustigum fyrir neðan hámarkið hjá konum.

Þennan mun milli kynjanna má finna í öllum þeim þremur aldurshópum sem Hagstofan skilgreinir, eins og sjá má á Mynd 2. Sá hópur sem á hvað lengst í land með að ná hámarkinu fyrir hrun í hlutfalli starfandi er karlar á aldrinum 16-24 ára. Þar á eftir koma karlar á aldrinum 25-54 ára. Munurinn er minnstur hjá körlum og konum á aldrinum 55-74 ára en hlutfall starfandi hjá konum á því aldursbili hefur ekki mælst hærra á tímabilinu 2003-2015.

Munurinn á hlutfalli starfandi 2015 Mynd 2 og hámarki fyrir hrun



Bati á vinnumarkaði hefur því á heildina litið verið nokkuð góður þó að æskilegra hefði verið að hann hefði skilað sér betur til allra aldurshópa. Þá er einnig áhugavert að aldrei á tímabilinu 2003-2015 hafa fleiri á aldrinum 67-74 ára verið starfandi. Hið sama á við um þá á aldrinum 67-74 ára sem eru tilbúnir að vinna en ekki að leita, en þeir voru 6,3% af mannfjölda á sama aldri árið 2015. Meðaltalið fyrir hrun var 0,8%. Ástæðan fyrir því gæti verið sú að þeir sem eru að nálgast eða komnir á ellilífeyrisaldur hafa ekki efni á því að hætta í vinnu.

FALIÐ ATVINNULEYSI


Eins og komið var inn á að ofan er skilgreiningin á atvinnuleysi mjög þröng. Þannig er nokkur fjöldi einstaklinga sem er án atvinnu en flokkast ekki sem

atvinnulausir. Þrír hópar einstaklinga mynda saman falið atvinnuleysi:

1. Einstaklingar sem eru að leita að vinnu en ekki tilbúnir að hefja störf innan tveggja vikna.
2. Einstaklingar sem eru tilbúnir að vinna en eru ekki að leita.
3. Einstaklingar í hlutastarfi sem vilja vinna meira en þeim stendur til boða.

Falið atvinnuleysi jókst umtalsvert í kjölfar hruns og var aukningin 2009 aðallega vegna launamanna í hlutastarfi sem vildu vinna meira án þess að standa slíkt til boða, sjá Mynd 3. Árið 2012 jókst falið atvinnuleysi enn meira en þá vegna þeirra sem voru tilbúnir að vinna en ekki að leita. Þetta kann að skýrast af því að árið 2012 voru eflaust margir að missa bótarétt sinn hjá Vinnumálastofnun. Það sést meðal annars á atvinnuleysistöllum Vinnumálastofnunar, en á mælikvarða hennar dróst atvinnuleysi mest saman milli 2011 og 2012. Milli 2011 og 2012 fækkaði atvinnulausum um 2.600, eða 1,7 prósentustig.

Falið atvinnuleysi Mynd 3




Falið atvinnuleysi jókst hlutfallslega mest meðal fólks á aldrinum 55-74 ára, en hjá báðum kynjum meira en tvöfaldaðist það. Stór hluti þeirrar ástæðu er að mun fleiri á þessum aldri eru nú tilbúnir að vinna en eru ekki að leita að starfi. Falið atvinnuleysi mælist hins vegar langmest hjá konum 16-24 ára, en 20% þeirra falla undir falið atvinnuleysi, sjá Mynd 4.


Séu upplýsingar um atvinnuleysi og falið atvinnuleysi teknar saman má sjá að 27% karla á aldrinum 16-24 ára eru án atvinnu en vilja vinna eða í hlutastarfi og vilja vinna meira. Þetta má sjá á Mynd 5. Á heildina lítið er falið atvinnuleysi 8% en atvinnuleysið sjálft aðeins 3,3% af mannfjölda.

Sé samtala atvinnuleysis og falins atvinnuleysis skoðuð sést að hún hefur ekki minnkað mikið frá hruni. Frá 2010

Falið atvinnuleysi eftir kyni og aldri Mynd 4



Atvinnuleysi og falið atvinnuleysi Mynd 5



hefur samtalan lækkað um 2,3 prósentustig en þyrfti að lækka um 4 prósentustig til viðbótar til að ná meðaltalinu 2003-2008.

LOKAORÐ

Þó að atvinnuleysi hafi minnkað mikið frá hruni og hlutfall starfandi tekið nokkuð vel við sér hefur batinn ekki verið jafn hjá kynjunum eða öllum aldurshópum. Mjög áberandi er að batinn hefur verið mun meiri meðal kvenna en karla sé horft á hlutfall starfandi. Það gæti skýrst af því að konur hafi í auknum mæli farið inn á vinnumarkaðinn eftir hrun. Þá hefur batinn orðið mestur meðal eldri kynslóðarinnar, sem er ákveðið áhyggjuefni, en líkur eru á að aukið hlutfall starfandi hjá elsta aldurshópnum sé fjárhagslegs eðlis en ekki vegna bætts heilsufars.

Falið atvinnuleysi jókst umtalsvert í kjölfar hruns og hefur í raun haldið áfram að aukast frá 2009 til 2015. Milli 2014 og 2015 fór falið atvinnuleysi úr 7,6% í 8% af mannfjölda á vinnufærum aldri. Samtala atvinnuleysis og falins atvinnuleysis hefur lækkað lítið frá hruni og þarf að lækka umtalsvert í viðbót til að ná meðaltali fyrir hrun. ^{VR}

¹Vinnufær aldur er skilgreindur sem 16-74 ára.

²Gert er ráð fyrir að mannfjöldi á vinnufærum aldri aukist í takt við langtímaleitni, gangi það eftir mun 81,5% hlutfall starfandi leiða til þess að um 7.400 manns þurfi að fá vinnu á næsta ári.

³Þau gögn Hagstofunnar sem stuðst er við ná ekki aftan en 2003.

⁴Hlutfall ellilífeyrisþega í vinnu er næst mest á Íslandi af 31 landi í úttekt Hagstofu Evrópusambandsins, hæst var hlutfallið í Noregi. Í Noregi er ástæðan sú að þeir hafa gaman að vinnunni sinni, á Íslandi var ástæðan um 60% fjárhagslegs eðlis.

⁵Tölur Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi taka aðeins tillit til þeirra sem fá atvinnuleysisbætur.

ÚR DÓMSALNUM

Á hverju ári koma nokkur mál til félagsins sem ekki er hægt að leysa nema fyrir dómstólum. Hér að neðan er stiklað á stóru í tveimur nýlegum málum, en í báðum féll dómur félagsmönnum VR í vil.

KRAFA UM ÓGREITT ORLOF OG GAGNKRAFA FYRIRTÆKIS

Fyrri málið fjallar um félagsmann VR sem starfaði sem sölumaður en var gerður að viðskiptastjóra eftir skipulagsbreytingar í fyrirtækinu. Launakjör hans breyttust og taldi félagsmaðurinn að þær breytingar fælu í sér skerðingu á heildartekjum. Hann sagði upp með þriggja mánaða fyrirvara en óskaði eftir því nokkrum dögum síðar að fá að láta af störfum strax. Félagsmanninum og fyrirtækinu ber ekki saman um hvort samkomulag hafi náðst um það en félagsmaðurinn taldi að starfslok hefðu verið í góðu og hóf störf hjá öðru fyrirtæki skömmu síðar. VR sendi fyrir hönd félagsmannsins kröfu um ógreitt orlof og uppbætur, rúmlega 800 þús. kr., orlof hefði ekki verið reiknað í samræmi við ákvæði laga um orlof. Því svaraði vinnuveitandinn með gagnkröfu vegna ofgreidds bónuss og ólögmaets brotthlaups úr starfi.

Félagsmaðurinn benti á fyrir dómi að við starfslok hefði vinnunetfangi hans verið lokað og samskipti við atvinnurekanda hefðu snúist um lokauppgjör. Að auki hefði hann tilkynnt að hann hefði byrjað í nýju starfi án þess að gerð hafi verið athugasemd við það. Ekki gæti því farið á milli mála að um starfslok hefði verið að ræða en ekki brotthlaup úr starfi. Fyrirtækið segir hvergi sönnun fyrir því að beiðni félagsmannsins um að hætta störfum þegar í stað hafi verið samþykkt. Félagsmaðurinn hafi ekki virt þriggja mánaða uppsagnarfrest heldur tilkynnt að hann hafi hafið störf hjá samkeppnisaðila.

Í dómnum segir að engin gögn liggja fyrir um ofgreiddan sölubónus. Félagsmaðurinn féllst hins vegar á að bónus hefði verið ofgreiddur en taldi upphæðina lægri. Kröfu fyrirtækisins um endurkröfu á hendur félagsmanninum var hafnað, fyrirtækið yrði að bera ábyrgð á því hefðu verið gerð mistök við útreikning.

Hvað varðar ólögmaett brotthlaup úr starfi er ljóst af niðurstöðu dómsins að atvinnurekanda hafi mátt vera ljóst að um starfslok hafi verið að ræða, m.a. vegna tölvuskeytis frá félagsmanninum til samstarfsmanna og samskipta hans við fyrirtækið um lokauppgjör. Því var fallist á kröfu félagsmannsins um orlof og vangreidd laun að teknu tilliti til þeirrar upphæðar sem hann samþykkti að hefði komið til greiðslu vegna orlofs og ofgreidds bónuss.





FYRIRVARALAUS UPPSÖGN EKKI HEIMIL

Seinna málið fjallar um félagsmann sem starfaði sem sölumaður. Í ráðningarsamningi hans var m.a. kveðið á um þagnarskyldu og tekið fram að framkvæmdastjóra fyrirtækisins væri heimilt að víkja starfsmanninum úr starfi fyrirvaralaust bryti hann samninginn í verulegum atriðum eða gerðist brotlegur við lög.

Óumdeilt er að starfsmaðurinn sendi upplýsingar um viðskiptavini, vörur og sölutölur úr kerfum fyrirtækisins á sitt persónulega netfang. Eftir tíu mánaða starf var honum fyrirvaralaust sagt upp vegna brota á starfsskyldum og var sérstaklega vísað til þess að hann hefði sent trúnaðarupplýsingar á einkanetfang sitt. Hann var beðinn um að yfirgefa vinnustaðinn tafarlaust. Félagismaðurinn leitaði til VR, sem gerði kröfu um laun í uppsagnarfresti, yrði hann ekki kallaður til vinnu innan sjö daga. Vinnuveitandinn hafnaði því og sagði aðgerðir starfsmannsins ígildi þjófnaðar.

Félagismaðurinn sagði að hann hafi sent upplýsingarnar á einkanetfangið því hann hafi ekki talið sig hafa aðgang að vinnunetfanginu að heiman þar sem hann var að vinna. Það teljist ekki brot, samskipti við yfirmanninn hafi í upphafi verið í gegnum einkanetfangið og gögnin hafi verið nýtt í þágu fyrirtækisins. Hann taldi að uppsögnin hafi tengst stöðu fyrirtækisins og gerði kröfu um laun í uppsagnarfresti ásamt orlofi og uppbótum, rúmlega 2,5 milljónir króna.

Atvinnurekandinn hafnaði því að staða fyrirtækisins hefði verið ástæða uppsagnarinnar. Upplýsingarnar sem sendar voru úr fyrirtækinu hefðu verið trúnaðargögn. Þetta hefði því verið verulegt brot á ákvæðum ráðningarsamningsins sem réttlæti fyrirvaralaus uppsögn og ætti hann því ekki rétt á launum í uppsagnarfresti.

Dómurinn benti á að réttur atvinnurekenda til að víkja starfsmanni tafarlaust úr starfi væri háður því að starfsmaðurinn hefði brotið gildandi ráðningarsamning í veigamiklum atriðum. Þá yrði atvinnurekandi að áminna / aðvara starfsmanninn áður nema og því aðeins að brot hans væri alvarlegt. Í þessu máli yrði að líta til þess hvers eðlis gögnin hefðu verið og í hvaða skyni þau hefðu verið send. Framkoma starfsmannsins ein og sér gæti ekki falið í sér brot á starfsskyldum eða á ráðningarsamningnum enda hefði hann haft aðgang að þessum gögnum í vinnunni. Ekkert benti til þess að hann hefði sent gögnin áfram og brotið með því gegn þagnarskyldunni. Þá hefði fyrirtækið átt að áminna hann áður en honum hefði verið víkið úr starfi. Dómurinn féllst á kröfuna um laun í uppsagnarfresti. [VR](#)

VANTAR ÞIG AÐSTOD?

Hafðu þá samband við sérfræðinga Kjarasviðs VR.

ÚR LÖGUM VR UM KOSNINGAR

20.1. UM KOSNINGU FORMANNS OG STJÓRNAR

Formaður skal kosinn í einstaklingskosningu annað hvert ár. Árlega skulu 7 stjórnarmenn kosnir til tveggja ára og 3 varamenn til eins árs í einstaklingsbundinni kosningu.

Komi fram fleiri framboð en sæti sem í boði eru skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgildra félagsmanna.

Berist ekki nægilega mörg framboð skal stjórn félagsins gera tillögu um stjórnarmenn sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar. Ef fleiri tillögur koma fram á fundi trúnaðarráðs skal kosið á milli þeirra á fundinum. Afl atkvæða ræður úrslitum.

20.2. UM KOSNINGU Í TRÚNAÐARRÁÐ

Árlega skal kjósa 41 fulltrúa í listakosningu til setu í trúnaðarráði til tveggja ára í senn.

Komi fram fleiri en einn listi skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgildra félagsmanna. Þá skal kosið á milli lista og sá listi sem fær flest atkvæði telst rétt kjörinn. Stjórn og trúnaðarráði er skylt að stilla upp lista til trúnaðarráðs. Sama einstaklingi er óheimilt að skipa sæti samtímis á lista til trúnaðarráðs og í einstaklingskosningu til formanns eða stjórnar félagsins. Auglýsa skal í dagblöðum og á heimasíðu félagsins eftir félagsmönnum sem vilja taka sæti á listanum.

Uppstillinganefnd skipuð formanni og fjórum einstaklingum kosnum af trúnaðarráði skal skipuð fyrir 15. janúar annað hvert ár. Nefndin skal velja frambjóðendur á listann úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér og kannar kjörgengi þeirra.

Berist ekki nægilega mörg framboð skal Uppstillinganefnd gera tillögu um fulltrúa til setu á listanum sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar.

Hafi fleiri gefið kost á sér en sætin sem skipa á skal listinn borinn upp í trúnaðarráði til samþykktar. Sá sem gefið hefur kost á sér en

ekki fengið sæti á listanum getur krafist þess að kosið verði um frambjóðendur á fundi trúnaðarráðs.

20.3. UM FRAMKVÆMD KOSNINGA

Kjörstjórn úrskurðar um lögmæti framboða.

Kjörstjórn sér um og tekur ákvarðanir um framkvæmd kosninga. Ákvarðanir kjörstjórnar eru endanlegar.

Kjörstjórn skal auglýsa eftir framboðum í dagblöðum og á vefsíðu félagsins. Framboðsfrestur skal vera að minnsta kosti ein vika.

Framboðum skal skila á skrifstofu félagsins og skulu fylgja þeim upplýsingar um nafn og kennitölu frambjóðenda. Skrifleg meðmæli 15 félagsmanna þarf vegna framboðs til stjórnar. Skrifleg meðmæli 50 félagsmanna þarf vegna framboðs til formanns.



Við framboð lista til trúnaðarráðs skal liggja fyrir skriflegt samþykki allra þeirra sem á listanum eru.

Til að listi sem borinn er fram gegn lista trúnaðarráðs sé löglega fram borinn þarf skrifleg meðmæli 300 félagsmanna.

Kjörstjórn er heimilt að gefa sólarhringsfrest til að lagfæra annmarka á framboðum. Kjörstjórn úrskurðar um hæfi og kjörgengi

allra frambjóðenda og auglýsir að því loknu upphaf atkvæðagreiðslu sbr. reglugerð ASÍ um leynilega allsherjaratkvæðagreiðslu. Úrskurðir kjörstjórnar eru endanlegir.

Kosning skal fara fram innan 6 vikna frá því að framboðsfrestur rennur út.

Kosningum til trúnaðarstarfa í félaginu skal lokið eigi síðar en 15. mars ár hvert.

Frambjóðendur í einstaklingskosningu geta dregið framboð sitt til baka allt að viku fyrir upphaf kjördags. Frambjóðendur í listakosningu geta ekki dregið framboð sitt til baka eftir að framboðsfresti lýkur.

Skrifstofa félagsins sér um kynningu á frambjóðendum í miðlum félagsins eins og þeir eru á hverjum tíma. Þá skal haldinn kynningafundur, einn eða fleiri, meðal félagsmanna með frambjóðendum fyrir upphaf kjördags. Um framkvæmd og undirbúning kosninga fer að öðru leyti eftir reglugerð ASÍ um leynilegar atkvæðagreiðslur.

20.4. UM KJÖRSEÐLA OG RÖÐUN Á LISTA

VIÐ KOSNINGU TIL STJÓRNAR:

Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn eftir stafrófsröð og kjösendur merkja við minnst 1 en mest 7. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. Þeir 7 sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til 2ja ára. Næstu 3 teljast rétt kjörnir varamenn í stjórn VR til 1 árs.

VIÐ KOSNINGU TIL TRÚNAÐARRÁÐS:

Séu fleiri listar en listi stjórnar og trúnaðarráðs skal merkja listana með bókstaf hvern fyrir sig í þeirri röð sem þeir berast. Nöfnum á hverjum lista skal raðað í stafrófsröð. Sé á fundi trúnaðarráðs kosið milli einstaklinga sem skipa skulu listann, sbr. 5.mgr. 20.gr. 2, skal nöfnum raðað á kjörseðil í stafrófsröð. [VR](#)

ALLSHERJAR- ATKVÆÐAGREIÐSLA Í VR 2016

Allsherjaratkvæðagreiðsla meðal félagsmanna VR vegna kjörs stjórnar VR kjörtímabilið 2016-2018 hefst kl. 9.00 miðvikudaginn 9. mars 2016 og lýkur kl. 12.00 á hádegi þriðjudaginn 15. mars 2016. Atkvæðagreiðslan er rafræn.

HVERJIR HAFNA ATKVÆÐISRÉTT?

Atkvæðisrétt í kosningunum hafa allir fullgildir VR-félagar. Á kjörskrá eru einnig eldri félagsmenn (hættir atvinnuþátttöku vegna aldurs) sem greiddu eitthvert félagsgjald á 67. aldursári og höfðu greitt a.m.k. 50 mánuði af 60 á síðustu fimm árum áður en þeir urðu 67 ára.

BRÉF TIL ATKVÆÐISBÆRRA FÉLAGSMANNA

Allir kosningabærir félagsmenn fá sent bréf í pósti með upplýsingum um hvernig atkvæðagreiðslan fer fram. Aðgangur að rafrænum atkvæðaseðli er frá vef VR. Þeir sem ekki hafa aðgang að atkvæðaseðli en telja sig eiga rétt til þátttöku í atkvæðagreiðslunni geta sent erindi til kjörstjórnar á netfangið kjorstjorn@vr.is eða í pósti til Kjörstjórnar VR, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, fyrir lok kjörfundar. Kærufrestur er til loka kjörfundar.

HVERNIG Á AÐ KJÓSA?

Til að kjósa ferðu á vef VR, www.vr.is, smellir á Kosið um stjórn 2016-2018 og skráir þig inn með Íslyki eða rafrænum skilríkum. Þá opnast atkvæðaseðill í nýjum vafra og upplýsingar um hvernig þú átt að bera þig að við að greiða atkvæði. Ef þú ert ekki með Íslykil eða rafræn skilríki getur þú sótt um á island.is. Rétt er að benda á að úthlutun sæta í stjórn á grundvelli niðurstöðu kosninganna fer fram með svokallaðri fléttuaðferð, þ.e. karlar og konur raðast til skiptis í sætin. Sjá nánar á bls. 14 þar sem 20. grein laga VR um kosningu til trúnaðarstarfa er birt í heild sinni.

FRAMBJÓÐENDUR

Kosið er á milli 13 frambjóðenda til sjö sæta í stjórn. Kynning á frambjóðendum er hér í blaðinu og á vef félagsins, www.vr.is.

FRAMBJÓÐENDUR TIL STJÓRNAR VR ERU, Í STAFRÓFSRÖÐ:

Áslaug Alexandersdóttir
Benóný Valur Jakobsson
Bjarni Þór Sigurðsson
Dóra Magnúsdóttir
Guðrún Björg Gunnarsdóttir
Harpa Sævarsdóttir
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Ólafur Reimar Gunnarsson
Óskar Guðmundsson
Sigmundur Halldórsson
Sigríður Lovísa Jónsdóttir
Sigurður Sigfússon
Svanhildur Ólöf Óskarsdóttir

VOTING FOR THE POSITIONS OF BOARD MEMBERS

VR will hold a secret ballot to elect board members for VR for the term 2016-2018. The voting will begin at 9.00 AM 9th March 2016 and will end at 12.00 noon on 15th March 2016.

WHO IS ENTITLED TO VOTE?

All VR members in good standing are entitled to vote. Also entitled to vote are senior members (retired) who paid some dues in their 67th year and paid dues for at least 50 of the 60 months from age 62 to 67. All members entitled to vote will receive a letter detailing the voting process. Access to electronic ballot papers is via the VR website. If you believe you are entitled to vote but do not have access to the ballot papers, please send a complaint to the VR election committee, VR, Kringlunni 7, 103, Reykjavík or by e-mail to VR's election committee kjorstjorn@vr.is, before the end of voting.

HOW TO VOTE?

The voting is electronic via the VR website, www.vr.is, please choose the button Voting for Board Members 2016-2018 (Kosið um stjórn 2016-2018). To access the ballot papers you need either an Icekey (Íslykill) og E-Certificate (Rafræn skilríki), which you can apply for on the website island.is. Once you have logged on you will be directed to the ballot. Members are also welcome to cast their votes at the offices of VR in Reykjavík, Vestmanneyjar, Akranes and Egilsstaðir during the election. The votes will be counted as soon as voting ends.

CANDIDATES FOR SEVEN SEATS ON THE EXECUTIVE BOARD ARE, IN ALPHABETICAL ORDER:

Áslaug Alexandersdóttir
Benóný Valur Jakobsson
Bjarni Þór Sigurðsson
Dóra Magnúsdóttir
Guðrún Björg Gunnarsdóttir
Harpa Sævarsdóttir
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Ólafur Reimar Gunnarsson
Óskar Guðmundsson
Sigmundur Halldórsson
Sigríður Lovísa Jónsdóttir
Sigurður Sigfússon
Svanhildur Ólöf Óskarsdóttir

For further information on the candidates, see p. 16 and the VR website www.vr.is, in Icelandic only.



Áslaug Alexandersdóttir

Fæðingardagur og ár

26. febrúar 1958

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

aslauga@byko.is



Benóný Valur Jakobsson

Fæðingardagur og ár

2. júlí 1968

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

benonyvalur@gmail.com

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Deildastjóri heimilis- og árstíðadeild í Byko Fiskislóð. Er með grunnskóla-próf og hef lokið Verslunarfagnámi.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Hef verið Trúnaðarmaður í Byko frá árinu 2012 og í trúnaðarráði síðan 2014. Setið fyrir hönd VR á ASÍ og LÍV þingum. Var trúnaðarmaður í löju stéttarfélagi og sat í trúnaðarráði. Hef í fristundum sinnt ýmsum störfum fyrir Fornbílaklúbb Íslands undanfarin ár svo fátt eitt sé nefnt.

HELSTU ÁHERSLUR

Ég býð mig fram til stjórna VR þar sem ég hef mikinn áhuga á félagstörfum og tel að ég geti gert gagn fyrir mitt fólk bæði í kjara og félagsmálum. Við þurfum að efla menntunarmöguleika fyrir félagsmenn okkar t.d. í fagnámi og að það verði metið sem hækkun um launaprep. Ég tel að við þurfum að taka á málum eins og t.d. kjaramálum og kynbundnum launamun. Við þurfum að standa vörð um réttindi félagsmanna t.d. v/ veikinda og atvinnuleysis. Ég hef mikinn áhuga á að starfa í þágu félagsmanna VR og óska hér með eftir ykkar stuðningi til þess.

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Viðskiptastjóri á fyrirtækjasviði - Sjóklæðagerðin/66°Norður.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef frá unga aldri verið mjög virkur í félagsstörfum. Var formaður nemendaráðs Framhaldsskólans á Laugum, formaður Félags ungra jafnaðarmanna á Norðurlandi eystra, sat í stjórn Félags ungra jafnaðarmanna í Reykjavík, formaður Fálkanna, stuðningsfélags við barna og unglingastarf í Val. Hef setið í stjórn VR síðastliðin fimm ár, eitt ár sem varamaður og síðustu fjögur ár sem aðalmaður. Sit í stjórn Landssambands íslenskra verslunarmanna og í miðstjórn Alpýðusambands Íslands.

HELSTU ÁHERSLUR

Ég hef undanfarin ár verið rödd skynsemi og yfirvegunar innan stjórnar VR. Það er mín skoðun að einungis með því að taka ábyrg, hnitmiðuð og vel ígrunduð skref í samvinnu við vinnuveitendur og stjórnvöld getum við unnið að öruggri kaupmáttaraukningu fyrir félagsmenn VR. Það er engum til hagsbóta að halda áfram því höfrungahlaupi sem átt hefur sér stað undanfarna áratugi í þróun launa, sem hefur því miður skilað allt of litlum kaupmætti til langs tíma. Því hef ég verið dyggur stuðningsmaður þess að við reynum að taka hér upp nýtt vinnumarkaðsmódel sem byggt væri á norrænu leiðinni en samt með sérstöðu okkar vinnumarkaðar í huga. Ég mun halda áfram að tala fyrir því nái ég kjöri. Jafnréttismál eru mér hugleikin og studdi ég jafnlaunavottunina með ráðum og dáð. Mun ég vinna því máli sem og öðrum er lúta að jöfnum launum kynjanna fylgis ná ég kjöri. Kæri félagi, ég bið um stuðning þinn til að halda áfram að tala rödd skynsemi og yfirvegunar og fái ég til þess stuðning mun ég halda áfram að vinna að góðum málum fyrir okkur og íslenskt launafólk almennt.



Bjarni Þór Sigurðsson

Fæðingardagur og ár

1. september 1958

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

bjarnithor@365.is

Heimasíða

www.bjarnivr.wordpress.com

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég hef starfað hjá fjölmiðlafyrirtækinu 365 Miðlar frá árinu 2006, nú sem verkefnastjóri á vefmiðlinum vísir.is. Áður vann ég m.a. fyrir frönsku sjónvarpsstöðina TV2, RÚV, Stöð2 og sjálfstætt við kvikmynda-, auglýsinga og þáttagerð.

Ég nam kvikmyndagerð við Conservatoire Libre du Cinéma Français í París og lauk rekstrar- og viðskiptanámi við Endurmenntun Háskóla Íslands árið 2007 og diplómanámi í viðskiptafræði við HÍ árið 2010.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef verið félagsmaður í VR frá 1999. Var kjörinn í trúnaðarráð VR árið 2009. Var trúnaðarmaður starfsmanna 365 og varamaður í stjórn VR 2010-12. Hef setið í stjórn VR frá 2012 og hef gegnt stöðu varaformanns frá því að Ólafía B. Rafnsdóttir var kosin formaður VR árið 2013. Ég hef mikla ánægju af félagsstörfum og því að vinna með fólki, verið virkur frá unga aldri. Í störfum mínum fyrir VR hefur mér verið treyst fyrir fjölmörgum trúnaðarstörfum. Ég er núverandi varaformaður VR, sit í stjórn Orlofssjóðs, Húsnæðisnefnd VR og Jafnréttis- og launanefnd VR. Ég er fulltrúi VR í starfshópi ASÍ sem fjallar um möguleika reksturs almennra húsnæðisfélaga. Fyrir utan störf mín hjá VR hef ég starfað að málefnum Reykvikur, m.a. í stjórn ÍTR og í Hverfaráði Vesturbæjar.

HELSTU ÁHERSLUR

Ég hef látið húsnæðismál mig miklu varða. Ég tel að það sé eitt af brýnustu verkefnum okkar í náinni framtíð að leysa húsnæðisvanda ungs fólks, hvort sem er fyrir þá sem vilja kaupa sér húsnæði eða leigja. Ég tel að með sameiginlegu átaki VR og annarra stéttarféлага í samstarfi við ASÍ, ríkið og sveitarfélög eigi að vera hægt að byggja upp almenn húsnæðissamvinnufélög að norrænni fyrirmynd.

Kæru félagar, starfsemi VR hefur gengið vel undir forustu núverandi formans og stjórnar VR. Fjölmörg framfaramál hafa verið leidd til lykta síðastliðin ár, sem gagnast félagsmönnum VR. Þessa dagana er til að mynda verið að kjósa um kjarasamning, sem í framtíðinni gæti talist tímamótasamningur. Ég bið um stuðning til að halda þessu góða starfi áfram.



Dóra Magnúsdóttir

Fæðingardagur og ár

25. október 1965

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

dora.magnusdottir@reykjavik.is

dora@hostel.is

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég starfa sem markaðsstjóri Bandalags Íslenskra farfugla sem reka 33 hostel hringinn í kringum landið og skipuleggja ferðir fyrir erlenda ferðamenn. Ég er með breiða menntun og háskólagráður úr landfræði, fjölmiðlun, markaðsfræði og stjórnslu frá Háskóla Íslands og frá Interactive Marketing og Multimedia Academy í Danmörk.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef setið í ferðamálaráði, stjórn Sjöminjasafnsins Víkurinnar, í stjórn Ferðamálasamtaka Íslands, verkefnisstjórn Inspired by Iceland, markaðshópi Iceland Naturally, stjórn Samtaka um heilsutengda ferðapjónustu, samstarfshópi um kynningarmál sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, stjórn Ferðamálasamtaka Íslands, samstarfshópi markaðsstofa landshlutanna, formaður stjórnar í Ráðstefnuskrifstofu Íslands, formaður stjórnar Evrópska upplýsingafélagsins og sit nú í stjórn Félags stjórnslufræðinga, stjórn VR og í framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR. Ég er varaborgarfulltrúi fyrir Samfylkinguna í borgarstjórn og sit í Íþrótt- og tólmundaráði og gegni formennsku í hverfisráði Háaleitis og Bústaða. Ég hef starfað í ferðapjónustu frá því ég lauk stúdentsprófi; sem leiðsögumaður, við almannatengsl og markaðsmál fyrir ýmis fyrirtæki, s.s. Iceland Travel, Icelandair, Íslenskar ævintýraferðir, Höfuðborgarstofu, Volcano House og nú hjá Farfuglum.

HELSTU ÁHERSLUR

Ég hef setið í stjórn VR í tvö lærdómsrík ár og gef kost á mér áfram svo ég geti beitt mér enn betur í þágu starfseminnar. Á tímabilinu barðist stéttarfélagið VR ötulllega fyrir hag sinna félaga með öflugan skipstjóra í brúnni. Bættur hagr hinna lægst launuðu var leiðarljósið en einnig var horft til þess að tryggja kaupmátt millitekjufólks. Kjarabaráttan er kjarninn í starfsemi stéttarfélags en um leið er VR miklu meira en stéttarfélag. VR er skjól félaga sinna þegar veikindi eða slys ber að garði með öflugan sjúkrasjóð. Starfsmenn VR eru snillingar á sviði kjara- og réttindamála enda er skrifstofan gjarna fyrsti viðkomustaður VR-inga þegar erfiðleikar koma upp í vinnu. VR er oft fyrsti valkostur fólks vegna sumarleyfa og annarra orlofsmöguleika auk þess sem félagið hvetur til endurmenntunar með ýmsum hætti. Í fyrra var boðið upp á tvo nýja viðburði, VR hlaup og jólaball, sem eru til þess fallnir að efla félagsvitund félaga. Auk þess voru samþykktar umhverfis- og jafnréttisstefnur VR. Ég gef kost á mér í stjórn vegna þess að ég vil hlúa að öllum þessum þáttum. Ég vil efla VR sem stéttarfélag en einnig það skjól sem félagið veitir þegar móti blæs. Það á líka að vera skemmtilegt að vera félagi í VR og við eigum öll að geta stolt tekið þátt í starfseminni.



Guðrún Björg Gunnarsdóttir

Fæðingardagur og ár

9. nóvember 1980

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

gudrunbjorggunn@gmail.com



Harpa Sævarsdóttir

Fæðingardagur og ár

08. maí 1971

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

harpasaev@gmail.com

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Starfa hjá Actavis Group PTC ehf. sem verkefnastjóri. Menntun: BS-gráða í ferðamálafræðum frá Háskóla Íslands. Útskrifaðist með alþjóðlega D-vottun í verkefnastjórnun frá Verkefnastjórnunarfélagi Íslands 2015.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef verið félagsmaður í VR nánast alla mína starfsævi. Ég gegni starfi trúnaðarmanns hjá Actavis. Sat í stjórn nemendafélags Jarð-, land- og ferðamálafræðiskorar við HÍ. Á árinu 2015 var ég í forsvari fyrir hópi foreldra ungra barna í Hafnarfirði sem mótmæltu fyrirhuguðum breytingum á innritunaraldri leikskólabarna í bæjarfélaginu. Hópurinn lagði fram mótmæli og tillögur að breytingum til frambúðar sem nú er verið að innleiða. Áður en ég hóf störf hjá Actavis starfaði ég í hótélgeiranum og hef sinnt öllum störfum sem hægt er að sinna í þeim geira, frá þrífum til hótélstjórnunar. Samhliða stúdents- og háskólanámi vann ég hlutastörf á Argentínu og í verslun Villeroy & Boch í Kringlunni.

HELSTU ÁHERSLUR

Félagatíð mín hjá VR hefur einkennst af því að þiggja það sem VR býður félagsmönnum upp á. Ég hef nýtt mér það í tengslum við varasjóðinn og starfsmenntastyrki en einnig hef ég þurft á aðstoð VR að halda í tengslum við kjaramála og reyndust kjarafulltrúar mér afar vel. Síðasta árið hef ég gegnt stöðu trúnaðarmanns hjá Actavis og í gegnum það starf hefur áhugi minn vaknað á því að gefa til baka til félagsins. Þarft og gott skref hefur verið stigið í baráttunni fyrir lægstu launum og nú lítur út fyrir að líffeyrismálin séu að komast í betra horf, en síðustu ár hefur millistéttin setið á hakanum í kjarasamningum þrátt fyrir að vera stærsti hópur félagsmanna VR. Kominn er tími til að sinna millistéttinni og sérfræðingum okkar af afli. Stytttri vinnuvika án lægri launa og fjölskylduvænna samfélag eru málefni sem standa mér nærri. Til þessara verka er ég tilbúin og býð fram krafta mína í þágu félagsmanna.

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég hóf störf hjá AD Travel í janúar 2016 sem bókari ásamt því sem ég sinni öðrum tilfallandi verkefnum. Þar á undan vann ég hjá Íshestum í um 5 ár og svo Flugfélaginu Atlanta í um 15 ár. Stundaði nám við FB kvöldskóla, útskrifaðist úr skrifstofu og bókhaldsnám hjá Promennt og lauk námi til undirbúnings á Viðurkenndum bókara í desember 2013.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Hef setið í stjórn VR sl 2 ár og verið þar í ýmsum nefndum þar á meðal orlofsnefnd en orlofsmál er eitthvað sem ég hef mikin áhuga á. Ég var trúnaðarmaður hjá Íshestum síðastliðin 4 ár einnig sit ég í Trúnaðarráði VR ásamt Launanefnd, Vinnudeilusjóði og er varamaður í Laganefnd.

HELSTU ÁHERSLUR

Standa vörð um réttindi félagsmanna s.s. kjarasamninga, orlofsréttindi, efla sjúkra- og starfsmennta sjóð. Ég vil líka leggja áherslu á orlofssvæði félagsmanna ásamt því að kynna betur fyrir félagsmönnum þau réttindi sem fylgja jafn sterku og öflugum félagi sem VR er. Uppbygging orlofssvæða félagsmanna hefur verið mjög góð en lengi má bæta t.d fyrir félagsmenn með gæludýr en á mínum tíma í orlofsnefnd hefur verið bætt við 4 bústöðum sem leyfa gæludýr og vonandi verður hægt að bæta við fleirum slíkum bústöðum.



Ingibjörg Ósk Birgisdóttir

Fæðingardagur og ár

13. september 1970

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

i.birgisdottir@gmail.com

Facebook

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir



Ólafur Reimar Gunnarsson

Fæðingardagur og ár

27. september 1954

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang/vefsíð

reimar@isl.is

Facebook

Ólafur Reimar Gunnarsson

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Skrifstofa Verkfræðingafélags Íslands og Tæknifræðingafélags Íslands. Starfa sem móttökuritari. Er með leikhúsmenntun frá Orange Coast College, Kaliforníu.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Stjórn VR frá 2010. Ég hef verið formaður framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR og er nú formaður starfsmenntanefndar VR. Einnig sit ég fyrir hönd VR í miðstjórn ASÍ og er fulltrúi VR í 1. maí nefnd Fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík. Ég er einnig í stjórn Neytendasamtakanna.

HELSTU ÁHERSLUR

Þau sex ár sem ég hef setið í stjórn VR hefur mér verið treyst fyrir ýmsum trúnaðarstörfum fyrir félagið. Undanfarið kjörtímabil hef ég einkum sinnt starfsmenntamálum, er formaður starfsmenntanefndar VR og formaður Starfsmenntasjóðs verslunarinnar, ég sit í stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar og þjónustu og í nefndum tengdum menntamálum innan ASÍ.

Aukin starfsmenntun og símenntun eru líklega bestu leiðirnar fyrir félagsmenn til að bæta kjör sín varanlega þegar til lengri tíma er litið. VR hefur lagt mikla áherslu á starfsmenntamál og raunfærniat fyrir vinnandi fólk og hefur margt áunnist í þeim málum á síðustu árum. Halda verður áfram á sömu braut til að glata ekki niður göðum árangri.

Innan framkvæmdastjórnar sjúkrasjóðs hef ég lagt mikla áherslu á að sjóðurinn veiti félagsmönnum gjaldfrjálsa styrki til ýmissa aldurstengdra forvarna, eins og t.d. ristilskoðunar. Stjórnin hefur nú samþykkt að vinna áfram að þeim málum og bind ég miklar vonir við að verkefnið komist til framkvæmda sem fyrst.

Í samræðum við félagsmenn hef ég orðið vör við nokkra óánægju með fyrirkomulag varasjóðsins. Sjóðurinn hefur vissulega kosti og galla. En ég tel að það sé kominn tími til að stjórn VR ræði fyrirkomulag varasjóðsins af mikilli alvöru og finni leiðir svo að hann nýtist öllum félagsmönnum sem best.

Kæri félagsmaður, ég vona að þú gefir þér tíma til að kynna þér áherslur frambjóðenda og takir þátt í atkvæðagreiðslunni. Almenn þátttaka félagsmanna er mikilvæg. Ef það er eitthvað sem þig langar til að spyrja mig um, ekki hika við að senda mér tölvupóst.

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Stúdent frá Verzlunarskóla Íslands 1976. Viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands árið 1981. Hef sótt ýmis námskeið og fyrirlestra á vegum Endurmenntunar HÍ og sótt námskeið sem tengjast störfum mínum. Hef starfað hjá Ernst & Young ehf. sem sérfræðingur á endurskoðunarsviði frá árinu 2002 að tveim árum undanskildum, en árin 2008 og 2009 starfaði ég hjá stoðtækjaframleiðandanum Össuri við samstæðureikningsskil. Þar áður starfaði ég hjá PWC ehf. í nokkur ár sem sérfræðingur á endurskoðunarsviði.

REYNSLA AF FÉLAGSMÁLUM

Félagi í VR síðan árið 1980. Í trúnaðarráði VR í nokkur ár og fyrsti varamaður í stjórn VR undanfarin tvö ár og setið í nefndum á vegum félagsins. Ég hef verið fulltrúi á ASÍ þingum og á þingi LÍV. Kjörinn í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2016 til 2019. Sit í stjórn Félags viðskipta- og hagfræðinga. Hef verið virkur þátttakandi í starfi UMF Stjórnunnar, sat í stjórn knattspyrnu-deildar í nokkur ár og var formaður deildarinnar árin 1991 og 1992 sat í bygginganefnd og rekstrarnefnd. Er félagi í Rauða Krossi Íslands og var í stjórn Garðabæjardeildar RKÍ frá stofnun deildarinnar árið 1993 og formaður árin 2006 og 2007. Var í stjórn Fjölsmiðjunnar og er í dag tengiliður stjórnar og starfsmanna Fjölsmiðjunnar. Er félagi í Rótaryklúbbum Gördum.

HELSTU ÁHERSLUR

Í störfum mínum fyrir VR hafa menntamál, húsnæðismál, jafnréttismál og kjaramál verið mér ofarlega í huga. Ég hef undanfarin tvö ár átt sæti sem 1. varamaður í stjórn VR og setið sem aðalmaður í starfsmenntanefnd og varamaður í framkvæmdastjórn sjúkrasjóðs og sem varamaður í laganeftnd. Það hefur margt áunnist í ofangreindum málaflokkum en alltaf má gera betur og margt er enn ógert. Áfram þarf að vinna að eflingu starfsmenntunar og koma á raunfærniat. Það þarf að stuðla að því að ungu fólk verði gert kleift að koma sér upp öruggu húsnæði. Staðan í þeim málum er algerlega óásættanleg. Áfram þarf að vinna að jafnrétti kynjanna, kynbundinn launamunur á ekki að líðast. Ég vil vinna að því að þeir sem eru að nálgast starfslok hafi val um sveigjanleg starfslok. Allir eiga að eiga sama rétt á sömu launum fyrir sömu vinnu. Kæri VR félagi, ég hef síðustu tvö ár óskað eftir stuðningi þínum til setu í stjórn VR. Ég náði bæði árin kjöri sem 1. varamaður og sem slíkur hef ég setið alla stjórnarfundir síðan. Ég hef lært margt á þessum tveimur árum og býð fram krafta mína til að gera VR að enn öflugra félagi. Ég hef því ákveðið að leita eftir stuðningi þínum aftur og stefni nú að því að ná inn sem aðalmaður, með þínu atkvæði gæti það tekist. Þitt atkvæði skiptir máli, nýttu kosningaréttinn!



Óskar Guðmundsson

Fæðingardagur og ár

1. september 1974

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

lagmarkslaun@gmail.com

Facebook

Óskar eftir sæti hjá VR



Sigmundur Halldórsson

Fæðingardagur og ár

17. desember 1966

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

simmix1@yahoo.com

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Fulltrúi í gámarekstri hjá Samskipum. Gagnfræðapróf auk um 80 eininga bók- og verknáms, svo og ýmis námskeið um m.a. tilfinningagreind, heimspeki, tungumálanám og tölvuvinnsla.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Hef verið í VR síðan 2007. Trúnaðarmaður á vinnustað síðan 2009 og í trúnaðarráði VR frá 2010-2016. Hef setið landsfundi ASÍ fyrir hönd VR 2012 og 2014 og látið þar til mín taka. Varamaður í stjórn VR 2015-2016. Alinn upp í lúðrasveit Mosfellssveitar frá unga aldri. Ég hef reynt það á eigin skinni að vera atvinnulaus sem og að starfa í láglau nastörfum bæði hérlendis sem og erlendis og þekki því vel til bæði vinnumarkaðar og réttindabaráttu hér heima sem utan landsteinanna. Ég hef í frítíma mínum, undanfarin 14 ár, unnið leynt og ljóst að launa- og réttindamálum láglauna-hópa og útlendinga. Aðstoða ég þá er til mín leita eftir fremsta megni.

HELSTU ÁHERSLUR

- Lágmarkslaun í 345.000 (sbr. grunnviðmið framfærslu skv. Velferðarráðuneyti 2011).
- Sjúkrasjóður brúi bilið milli tekna og fæðingarorlofs.
- Varasjóður nýtist greiðendum námslána.
- Nýting rýmis launahækkanna til handa lægra launuðum (flatar krónutöluhækkunar).
- Hagnýtar húsnæðislausnir til að lækka verð og leigu húsnæðis.
- Einfalda útreikninga á mannamáli.

Ég tel að hinn almenni launamaður eigi auðveldlega að geta hækkað verulega í launum án þess að breyta nema að litlu leyti verðlagi/verðbólgu. Rými markaðarins eftir verulegar gengisstyrkingar og viðvarandi hagvöxt ættu nú að skila sér að fullu til launafólks og að ekki verði skilið eftir rými til launaskriðs. Excel-kynslóðin á ekki að láta SA eða aðra segja sér fyrir verkum hvernig reikna skuli rými til launahækkana, raunþrýsting á verðhækkunar, verðbólgu eða annað heldur eigum við að mæta að samningaborði og í kynningar með fastmótaðar út- og uppreiknaðar kröfur og ekki gefa neitt eftir. Tími breytinga er kominn, valdið er okkar.

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég hef starfað sem vefstjóri hjá Símanum frá byrjun árs 2014 og hef starfað m.a. í fjölmiðla- og ferðapjónustufyrirtækjum á borð við 365 og Icelandair. Ég hef lokið MA-námi í alþjóðasamskiptum frá Nottingham University í Bretlandi og BS í fjölmiðlun frá Virginia Commonwealth University í Bandaríkjunum, auk margvíslegra styttri námskeiða tengdra störfum mínum.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef verið félagsmaður í VR nánast alla mína starfsævi, sem varamaður í stjórn VR frá 2015 og í jafnréttisnefnd VR. Ég tók sæti í trúnaðarráði VR árið 2012 og var trúnaðarmaður hjá 365 frá 2012-2013. Auk starfa minna fyrir VR hef ég tekið virkan þátt í starfi SVEF sem stjórnarmaður frá árinu 2006 til 2015.. Auk þess hef ég setið í stjórn Samfylkingarfélagsins í Hafnarfirði, verið í vefhóp SKÝ og er stoltur af því að styðja við bakið á starfi Amnesty International á Íslandi.

HELSTU ÁHERSLUR

Það er gríðarlega mikilvægt fyrir VR að sinna þeim félögum okkar sem ekki sinna hefðbundnum verslunarstörfum, oft á tíðum í minni fyrirtækjum og sprotum, þar sem standa þarf vörð um réttindi þess fólks sem þar starfar. Þetta er oft fólk með stuttan starfsaldur á íslenskum vinnumarkaði sem ekki hefur glöggja þekkingu á réttindum sínum. VR hefur sett sér markmið í þessum efnum og ég óska eftir þínum stuðningi við að fylgja þeim eftir. Ég hef mikinn áhuga á því að VR standi í fremstu röð hvað varðar upplýsingagjöf til þessara hópa og endurnýjaður vefur VR endurspeglar þann mikla metnað sem félagið hefur á þessu sviði. Endurmenntun skiptir þennan hóp gríðarlega miklu máli, viðurkenning á menntun og reynslu sem aflað hefur verið utan Íslands og ekki síður að menntakerfið okkar taki vel á móti þeim. Þar vil ég að VR beiti sér af afl og óska eftir þínum stuðningi til þess.



Sigríður Lovísa Jónsdóttir

Fæðingardagur og ár

27. febrúar 1968

Félagssvæði


Reykjavík og nágrenni

Netfang

lovisa@brimborg.is

Facebook

Lovísa Jónsdóttir



Sigurður Sigfússon

Fæðingardagur og ár

1. maí 1948

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang/vefsíð

siggi@n1.is

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég hef starfað hjá Brimborg síðan 1990, fyrst sem tollskýrslufulltrúi, síðan gjaldkeri, aðstoðarmaður forstjóra, söluráðgjafi nýrra bíla og í dag sem ráðningar- og þjálfunarstjóri ásamt því að sinna launavinnslu. Ég lauk stúdentsprófi frá Fjölbautaskólanum í Breiðholti 1989 og diplomagraðu í Mannauðsstjórnun hjá Endurmenntun Háskóla Íslands árið 2010. Í dag stunda ég viðskiptafræði með vinnu við Háskóla Íslands.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef alltaf verið mjög virk í félagsmálum, var m.a. í fjárflyunarnefnd útskriftarnema Fjölbautaskólans í Breiðholti 1988–1989. Bekkjaráð í Borgarskóla frá 2006–2009. Stjórn foreldrafélags Árbæjarskóla frá 2009–2013, fyrst sem meðstjórnandi og síðar sem formaður. Einnig hef ég oft tekið þátt í undirbúningi árhátíða og starfi starfsmannafélags Brimborgar.

HELSTU ÁHERSLUR

Ég hef mikla reynslu af kjaramálum þar sem ég hef verið í miklum samskiptum við kjaramálfulltrúa VR og fleiri stéttarfélagi á tengslum við starf mitt síðastliðin 10 ár. Ég hef mikinn áhuga á að nýta reynslu mína á sviði mannauðs- og launamála.

Ég myndi vilja sjá tækifæri til að auka endurmenntunarmöguleika með starfi, t.d. með starfsleyfi, þar sem eftir ákveðinn starfstíma heldur félagsmaður reglubundnum launum í ákveðinn tíma.

Aukinn kaupmátt, að launahækkunar fari ekki beint út í verðlagið, eins og raunin hefur oft á tíðum verið.

Sveigjanleg starfslok, með því að gefa félagsmönnum sem komnir eru á aldur svigrúm til að minnka við sig vinnu áður en þeir ljúka störfum.

Séreignarsparnað fyrir unga félagsmenn til að aðstoða þá við sín fyrstu íbúðarkaup, sem reynist mörgum erfitt í dag.

Að lokum er mikilvægt að hlusta á óskir félagsmanna til að gera gott félag betra. Þitt atkvæði skiptir máli.

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Starfsmaður Starfsmannafélags N1. Samvinnuskólapróf og framhaldsnám við Norska Samvinnuskólann. Starfaði fyrir Samvinnuhreyfinguna frá 1970, m.a. sem verslunarráðunautur og útibússtjóri KÁ á Laugarvatni, kennari við Samvinnuskólann á Bifröst en ráðinn til Ólíufélagsins hf. ESSO/N1 árið 1983. Hef starfað þar síðan sem rekstrarstjóri bensinstöðva, svæðisstjóri, þjónustustjóri og markaðsfulltrúi en síðustu árin í starfi fyrir Starfsmannafélag N1.

REYNSLA AF FÉLAGSMÁLUM

Formaður Starfsmannafélags ESSO 2000–2004. Í stjórn og síðar formaður Deildar Samvinnustarfsmanna í VR. Tók ég sæti í stjórn VR þegar deildin var lögð niður 1996, fyrst sem varamaður, en aðalmaður í stjórn frá 2000. Hef verið formaður sjúkrasjóðs. Setið í laganefnd VR og hef verið í stjórn Stafa lífeyrissjóðs frá aldamótum, nú sem varamaður. Formaður stjórnar orlofsjóðs frá 2012 og í störfum mínum fyrir VR hef ég helst beitt mér á þeim vettvangi að undanförmu.

HELSTU ÁHERSLUR

Hjá **Orlofsjóði VR** hefur mikið áunnist á undanförmum árum og er þetta helst: Fimm ný orlofshús voru tekin í notkun í Miðhúsaskógi árið 2014. Nýtt fjölnotahús, ráðstefnuhús með aðgengi fyrir fatlaða, verður vígt í Miðhúsum á þessu ári. Keypt var orlofshús á Kirkjubæjarklaustri á síðasta ári. Byrjað er að endurnýja veginn upp í Miðhúsaskóg og stefnt að því að leggja á hann og aðra vegi innan orlofssvæðisins bundið slitlag á þessu ári. Orlofsávísanir frá Ícelandair og WOW hafa mælst afar vel fyrir og notkun þeirra stóruakist á undanförmum árum.

Í **kjaramálum** mun ég áfram standa vörð um þá stefnu sem VR hefur fylgt í undanförmum kjarasamningum og ég stutt heils hugar. Sú stefna byggir á því að koma á stöðugleika á Íslandi og um leið að tryggja kaupmátt þeirra launa sem við fáum greidd. Ég bind miklar vonir við jafnlaunavottun VR sem mikilvægt tæki í baráttunni fyrir launajöfnuði kynjanna og jafnrétti.

Gera þarf breytingar á **Varasjóði VR** með það að markmiði að hann þjóni betur þeim félagsmönnum sem eru á lægstu laununum. Ég hef beitt mér fyrir úrbótum á þessu sviði og mun halda því áfram.

VR veitir félagsmönnum sínum mikla og **góða þjónustu** og er ég stoltur af störfum mínum fyrir félagið á undanförmum árum og óska eftir umboði til að halda því starfi áfram.



Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir

Fæðingardagur og ár

8. október 1969

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

svansi1969@gmail.com

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég vinn hjá fjölmiðlafyrirtækinu 365 á auglýsingadeild Stöðvar 2 sem verkefnastjóri en samhliða starfi mínu á Stöð 2 hef ég stjórnað vinsælum útvarpsþáttum á Bylgjunni ásamt fleiri tilfallandi verkefnum. Ég útskrifaðist frá Kennaraháskóla Íslands með B.ed gráðu árið 1999, árið 2009 lauk ég diploma gráðu í Mannauðsstjórnun frá Háskóla Íslands og síðastliðið vor útskrifaðist ég frá Promennt þar sem ég stúderaði sölu- og markaðsfræði. Ég hef unnið við fjölmiðla í 26 ár eða allt frá árinu 1990 við útvarp, prentmiðla og sjónvarp hjá 365 miðlum.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef alla tíð haft mikinn áhuga á félagsmálum og setið í mörgum nefndum í gegnum tíðina. Ég var forseti starfsmannafélags 365 miðla í 9 ár auk þess sem ég gegndi starfi trúnaðarmanns á sama vinnustað til margra ára. Í gegnum starf mitt sem forseti starfsmannafélags 365 vann ég náið með starfsfólki og stjórnendum félagsins og var sá tími mér bæði reynslumikill og dýrmætur. Í dag sit ég í jafnréttis- og umhverfisnefnd hjá 365. Ég hef setið í stjórn VR síðastliðin tvö ár og sit þar í tveimur nefndum, jafnréttis- og starfsmenntanefnd. Einnig er ég fyrsti varamaður í stjórn Landssambands íslenskra verslunarmanna 2015-2017.

HELSTU ÁHERSLUR

Síðustu tvö ár í stjórn VR hafa verið mér lærdómsrík og mjög ánægjuleg. Það er áriðandi að upplýsa VR félagi um réttindi sín og efla þannig þátttöku þeirra í félaginu. Jafnrétti er mér hjartans mál sem og starfsmenntunarmál en ég hef setið í nefndum tengdum þessum málum sem stjórnarkona VR. Við þurfum að vinna markvisst að því að útrýma launamun kynjanna og styrkja konur til sóknar. Það er mikilvægt að hvetja félagsmenn að nýta sér starfsmenntunarsjóð til að styrkja stöðu sína á vinnuarkaði. Með aukinni menntun aukast atvinnu- og launamöguleikar en þýðingarmikið er að atvinnurekendur standi með því að auka og efla starfsmenntun í landinu og starfsmenn sjái það í formi hærri launa og stöðuhækkunar. Það er mikilvægt að í stjórn stærsta stéttarfélags landsins sitji heiðarlegur og sanngjarn talsmaður félagsmanna, það tel ég mig vera.

LISTI STJÓRNAR OG TRÚNAÐARRÁÐS 2016 - 2018

Samkvæmt lögum VR gerir Uppstillinganefnd félagsins tillögu um skipan í trúnaðaráð. Í lögum VR um kosningu formanns, stjórnar og trúnaðarráð segir:

„Árlega skal kjósa 41 fulltrúa í listakosningu til setu í trúnaðarráði til tveggja ára í senn. Komi fram fleiri en einn listi skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgildra félagsmanna. Þá skal kosið á milli lista og sá listi sem fær flest atkvæði telst rétt kjörinn. Stjórn og trúnaðarráði er skylt að stilla upp lista til trúnaðarráðs. Sama einstaklingi er óheimilt að skipa sæti samtímis á lista til trúnaðarráðs og í einstaklingskosningu til formanns eða stjórnar félagsins. Auglýsa skal í dagblöðum og á heimasíðu félagsins eftir félagsmönnum sem vilja taka sæti á listanum. Uppstillinganefnd skipuð formanni og fjórum einstaklingum kosnum af trúnaðarráði skal skipuð fyrir 15. janúar annað hvert ár. Nefndin skal velja frambjóðendur á listann úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér og kannar kjörgengi þeirra.“

Framboðsfrestur til að skila inn framboðslistum til trúnaðarráðs fyrir kjörtímabilið 2016-2018 rann út á hádegi þann 12. febrúar 2016. Einn listi barst, listi stjórnar og trúnaðarráðs VR. Þar sem ekki bárust fleiri framboðslistar telst þessi listi réttkjörinn í trúnaðarráð VR. Listinn er birtur í heild sinni hér að neðan:

NAFN


Aðalheiður Signý Óladóttir
Alexander Þórssón
Ágústa Harðardóttir
Benedikt Geirsson
Benedikt Ragnarsson
Benedikt Vilhjálmsson
Bergþóra Eiðsdóttir
Bjarni Gaukur Þórmundsson
Edda Svandís Einarsdóttir
Elías Guðmundur Magnússon
Friðrik Sturlaugsson
Geir Andersen
Guðfinna Helgadóttir
Guðjón Steinarsson
Guðrún Indriðadóttir
Guðrún Þórsdóttir
Hafís Erla Kristinsdóttir
Halldór Halldórsson
Halldóra Magnúsdóttir
Helga Bryndís Jónsdóttir
Hildur Mósesdóttir
Ingi Guðmundur Ingason
Ingibjörg Baldursdóttir
Ingibjörg H Hjartardóttir
Ingibjörg Kristín Barðadóttir
Jóhann Bjarni Knútsson
Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir
Jón Ingi Kristjánsson
Jóna Matthildur Jónsdóttir
Linda Rós Reynisdóttir
Magnús Þorsteinsson
Pálmi Viðar Harðarson
Selma Björk Grétarsdóttir
Sigríður Ásta Hallgrímsdóttir
Sæmundur Karl Jóhannesson
Unnur Elva Arnardóttir
Unnur María Pálmadóttir
Viðar Kristinsson
Þorgerður Jóhannsdóttir
Þóra Skúladóttir Öfjörð
Þórður Mar Sigurðsson

VINNUSTAÐUR

Ólíuverzlun Íslands hf.
Þ.Porgrímsson & Co ehf.
Johan Rönning hf.
Ístak hf.
S67 ehf.
Fálkinn hf.
Íþróttafélag Reykjavíkur
Hópbifreiðar Kynnisferða ehf.
Flugfélagið Atlanta ehf.
VR
Advania ehf.
Hagkaup
Extreme Iceland ehf.
Gámaþjónustan hf.
Cabin ehf.
Guðmundur Jónasson ehf.
Icelandair ehf.
Bókhald og Uppgjör ehf.
Fönn - Þvottaþjónustan ehf.
Ferðaskrifstofa Kynnisferða ehf.
Stjarnan ehf.
Efla hf.
ÍSAM ehf.
Sjónvátta-Almennar tryggingar hf.
Norðurál ehf.
Guðmundur Arason ehf.
Ölgerðin Egill Skallagríms ehf.
BL ehf.
ISS Island ehf.
Vátryggingafélag Íslands hf.
Íslandsspil sf.
Húsasmiðjan ehf.
Flugfélagið Atlanta ehf.
Ferðaskrifstofa Kynnisferða ehf.
N1 hf.
Síminn hf.
365 miðlar hf.
Naust Marine ehf.
Samfylkingin
Vörubílastöðin Þróttur hf.
Samskipti ehf.

KLUKK – TÍMASKRÁNINGARAPP

Klukk er einfalt tímaskráningarapp sem hjálpar þér að halda utan um vinnutímana og er frítt. Með appinu hefur þú yfirsýn yfir unnar vinnustundir og getur borið saman við launaseðilinn þinn. Appið getur einnig minnt þig á að klukka þig inn og út, ef þú virkjar staðsetningarbúnaðinn. Þú getur klukkað þig inn hjá mismunandi launagreiðendum. Þú getur sent þér tímaskráningarskýrslu hvenær sem er. Enginn nema þú getur séð upplýsingar um þig, upplýsingarnar snúa fyrst og fremst að vinnutíma þínum.



ER HÆGT AÐ VERA MEÐ FLEIRI EN EINN VINNUVEITANDA?

Já, það er ekkert mál. Þú getur skráð eins marga launagreiðendur og þú þarft. Þegar farið er inn í Launagreiðendur í valmynd er smellt á Bæta við launagreiðanda og kennitala hans skráð inn.

GET ÉG KLUKKAÐ MIG INN OG/EDA ÚT OFT Á DAG?

Þegar búið er að klukka sig út er hægt að klukka sig aftur inn og ný skráning hefst. Hægt er að klukka sig inn hjá mismunandi launagreiðendum sama daginn.

ÞARF ÉG AÐ KLUKKA MIG INN EDA ÚT EF ÉG HEF SKRÁÐ INN VEIKINDADAG?

Til að skrá inn veikindadag þarf bara að ýta á sjúkrakassann og ekkert annað. Þú þarft ekki að klukka þig inn eða út til þess að veikindi skráist. Athugið að alltaf þarf að tilkynna veikindi til vinnuveitanda enda hefur hann engan aðgang að þínum skráningum í Klukk og sér því ekki þótt þú skráir veikindi í appinu.

ÉG VEIT EKKI KENNITÖLU LAUNAGREIÐANDA.

Kennitölu launagreiðanda áttu að finna á launaseðilnum þínum. Einnig er kennitölu fyrirtækja að finna á ja.is.

GET ÉG KLUKKAÐ MIG INN ÞÓTT ÉG EIGI EKKI INNEIGN OG GETI EKKI TENGST NETINU?

Nei, það þarf nettengingu til þess að klukka sig inn og út ásamt því að nýta aðra eiginleika appsins. Við innskráningu þarf einnig að tengjast netþjóni til að sækja gagnaupplýsingar um notandanafn og lykilorð.

HVAÐ GERI ÉG EF ÉG GLEYMI AÐ KLUKKA MIG INN?

Klukkan þig þá inn um leið og þú manst. Í lok vinnudags þegar þú ert búin/n að klukka þig út getur þú lagað skráninguna eftir á með því að fara í Tímarnir mínir í valmyndinni og smella á pennann lengst til hægri. Þegar þú ert búin(n) að laga skráninguna sérðu að penninn verður rauður, en það þýðir að um eftiráskráningu eða leiðréttingu er að ræða.

ÉG VARÐ BATTERÍSLAUS ÁÐUR EN ÉG GAT KLUKKAÐ MIG ÚT.

Þegar þú opnar appið aftur verður það í sama ástandi og það var áður en síminn varð batteríslaus. Klukkaðu þig út þegar síminn er kominn í gang aftur og lagfærðu svo skráninguna eftir á.

Nánari upplýsingar eru á www.asi.is/klukk

ÖLDUNGAR, JÁ TAKK!

Það hefur lengi verið til umræðu innan VR að setja á laggirnar sérstakan samráðs- og umræðuvettvang eldri félagsmanna. Skorað hefur verið á félagið að skapa slíkan vettvang og að frumkvæði formanns VR var skipaður undirbúningshópur undir lok síðasta árs til að ræða hvernig koma mætti til móts við þessar hugmyndir. Í undirbúningshópnum voru sex félagsmenn með mikla reynslu af málefnum VR, sem hafa ýmist setið í stjórn eða trúnaðarráði félagsins árum saman og hafa brennandi áhuga á málefnum.



MIKILVÆGUR VETTANGUR

„Hvenær áttu að hætta og hvenær áttu ekki að hætta? Þetta er spurningin en svarið er einfalt að mínu mati, ekki hætta þegar þú ert fullur eldmóðs til einhvers,“ segir Rannveig Sigurðardóttir, sem er formaður undirbúningshóps Öldungaráðs VR. Í hópnum sitja þrjár konur og þrír karlar. Auk Rannveigar eru það Guðný Elín Elíasdóttir, Petrína Ragna Pétursdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Valur Valtýsson og Þorlákur Jóhannsson.

„Okkur þykir vænt um félagið okkar og getum hreinlega ekki slitið okkur frá því. Það sama á við um marga eldri félagsmenn sem hafa farið á eftirlaun en misst svo í kjölfarið algjörlega tengslin við félagið sitt. VR var stund-

um eina félagslega starfið sem félagsmaðurinn hafi gefið sig í, e.t.v. um áralangt skeið. Svo hvarf allt í einu allt við starfslokinn; félagið, félagsstarfið og verkefnið sem unnið hafði verið að af lífi og sál. Félagsmaðurinn hafði engin áhrif lengur hjá VR og fannst hann ekki einu sinni geta miðlað af reynslu sinni til félagsins. Þess vegna er svona vettvangur mikilvægur.“

FYRIR HVERN ER ÖLDUNGARÁÐIÐ?

Fyrsta verkefni hópsins var að svara því hvert hlutverk Öldungaráðs VR ætti að vera og fyrir hverja það ætti að starfa. „Þar sem um reynslumikla einstaklinga var að ræða komst undirbúningshópurinn fljótlega að niðurstöðu. Öldungaráð VR á að huga að hagsmunum eldri félagsmanna og vera stjórn VR ráðgefandi í þeim málefnum,“ segir Rannveig.

Auglýst var eftir hugmyndum að verkefnum fyrir ráðið en því miður skiluðu fáar hugmyndir sér í hús. En undirbúningshópurinn kastaði á milli sín nokkrum hugmyndum, segir Rannveig. „Við getum getið fengið sérfræðinga frá lífeyrissjóðnum til að halda fræðslufundi fyrir félagsmenn, við getum unnið að því að undirbúa félagsmenn, innlenda sem erlenda, fyrir starfslok, við getum skoðað möguleika á frístundakorti fyrir eldri félagi og afslætti að frístundum, við getum haldið tölvunámskeið fyrir 60 ára og eldri og við getum sett á laggirnar sérstaka heimasíðu eða Facebook-síðu fyrir eldri félagi, svo fátt eitt sé nefnt.“

Þá nefnir Rannveig ákvæði kjarasamninga um sveigjanleg starfslok, sem hún telur vera sjálfsgöð mannréttindi, en samningsaðilar eru sammála um mikilvægi þess að starfsmenn eigi kost á ákveðnum sveigjanleika þegar kemur að því að þeir láti af störfum sökum aldurs. „Þarfir og aðstæður fólks á vinnumarkaði eru mismunandi og með hækkandi lífaldri og bættu heilsufari er algengt að fólk haldi fullu starfsþreki og vilja til þátttöku á vinnumarkaði fram yfir lífeyrisaldur,“ segir Rannveig. „Gildi vinnunnar fyrir andlega og líkamlega liðan fólks er ótvírætt og fer skilningur á því vaxandi. Vinnuframlag eldri starfsmanna er mikilvægt og fer vaxandi með minnkandi náttúrulegri fjölgun starfsmanna á vinnumarkaði vegna breyttrar aldurssamsetningar. Þessa bókun má vel uppfæra að félagsstarfi eldri félagsmanna VR, sem hafa reynslu og þekkingu eftir áratuga félagsstarf fyrir félagið sitt.“

» Hugmynd undirbúningshópsins er að félagsmenn 60 ára og eldri fái fundaraðstöðu og fundi reglulega um málefni eldri félaga. Ráðið á að vera stjórn félagsins til ráðgjafar «

Hugmynd undirbúningshópsins er að félagsmenn 60 ára og eldri fái fundaraðstöðu og fundi reglulega um málefni eldri félaga. Ráðið á að vera stjórn félagsins til ráðgjafar, eins og segir í skilgreiningu á hlutverki þess, sem samþykkt var á fundi stjórnar VR í febrúar árið 2016 og sjá má hér fyrir neðan.

VILTU VERA Í FORYSTUSVEIT ÖLDUNGARÁÐS VR?

Skipað verður í fyrstu forystusveit Öldungaráðs á fyrsta fundi stjórnar félagsins að loknum aðalfundi VR þann 29. mars næstkomandi. Skipað er til tveggja ára í senn. Þeim sem hafa áhuga á að bjóða sig fram er bent á að senda erindi þess efnis til vr@vr.is merkt Öldungaráð VR. Vinsamlega sendið með upplýsingar um nafn og kennitölu. www.vr.is

HLUTVERK ÖLDUNGARÁÐS VR

1. gr.

Öldungaráð VR er stofnað af stjórn VR í febrúar 2016 sem um-ræðu- og samráðsvettvangur félagsmanna VR, 60 ára og eldri.

2. gr.

Öldungaráð VR skal vera stjórn VR ráðgefandi um málefni tengd hagsmunum eldri borgara svo stjórn félagsins geti mótað sér stefnu og áætlanir því tengdar.

3. gr.

Öldungaráð VR fundar a.m.k. annan hvern mánuð. Forystusveit ráðsins sér svo um að koma hugmyndum sem upp koma í spjalli þess áfram til stjórnar félagsins til skoðunar.

4. gr.

Forystusveit Öldungaráðs VR er skipuð af stjórn VR til tveggja ára á fyrsta stjórnarfundum, annað hvert ár, eftir aðalfund og skal skipuð 6 eldri félagsmönnum með jöfnum kynjahlutföllum sem svo skipta sjálfir með sér verkum ef þurfa þykir.

NÆSTU HÁDEGIS-FYRIRLESTRAR HJÁ VR

VR býður fullgildum félagsmönnum á skemmtilega og fróðlega hádegisfyrirlestra. Allir fyrirlestrar eru haldnir í sal VR á 0. hæðinni í Húsi verslunarinnar. Í boði eru léttar veitingar. Félagsmenn utan höfuðborgarsvæðisins geta horft á fyrirlestrana gegnum fjarfundarbúnað á skrifstofum VR á Egilsstöðum, Akranesi og í Vestmannaeyjum. Mundu eftir að skrá þig – skráning fer fram á www.vr.is



10. MARS KL. 12.00-13.00

SIDEKICK HEALTH: LEIKJAVÆDD HEILSUEFLING FYRIR FYRIRTÆKI

Fyrirlesari: Tryggvi Þorgeirsson læknir og lýðheilsufræðingur

Kynnt verður nýstárleg fyrirtækjalausn, Sidekick Health, sem meðal annars inniheldur heilsuleik fyrir snjallsíma og keppnir milli starfsmanna. Leikurinn er þegar kominn í notkun hjá fyrirtækjum hér á landi til að gera heilsuefliandi æfingar.



31. MARS KL. 12.00-13.00

JÁKVÆÐ SAMSKIPTI FORELDRA OG BARNNA

Fyrirlesari: Páll Ólafsson félagsráðgjafi

Fyrirlestur um mikilvægi þess að eiga góð samskipti við börnin sín. Páll ræðir um það hvernig við eigum að tala við börn og hlusta á börn, hvernig við getum forðast að festast í "tuðinu" og almennt um það hvernig við eigum í góðum samskiptum við hvert annað. Páll lofar líflægum og skemmtilegum fyrirlestri og umræðum.



14. APRÍL KL. 12.00-13.00

NÝSKÖPUN OG HÓPFJÁRMÖGNUN

Fyrirlesari: Ingi Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri og einn stofnenda Karolina Fund

Farið verður yfir hvernig ferlið virkar og hvers konar verkefnið heimasíðan virkar best fyrir. Auk þess verður farið yfir nýjar leiðir sem Karolina Fund hefur verið að þróa, til þess að sækja sér fjármögnun með fjölbreyttari hætti en þekkt hefur hér á landi.

EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL!

ASÍ hefur í samstarfi við aðildarsamtök sín hleypt af stokkunum verkefninu **Einn réttur, ekkert svindl!** Verkefninu er beint gegn undirboðum á vinnumarkaði og svartri atvinnustarfsemi, en síðustu mánuði hafa stéttarfélögin orðið vör við vaxandi brotastarfsemi á vinnumarkaði. Sérstaklega á þetta við um byggingar-geirann og ferðaþjónustuna, sem eru helstu vaxtargreinar í þeirri uppsveiflu sem nú ríkir á vinnumarkaði.

Samkvæmt mati Vinnuálastofnunar fjölgaði störfum um 5.500 á síðasta ári og er áætlað að þeim fjölgi um yfir 8.000 á næstu þremur árum. Ljóst er að ekki er möguleiki að manna öll þessi störf með öðrum hætti en að flytja inn starfsmenn frá útlöndum, en það eru einmitt erlendir starfsmenn og ungt fólk sem er að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði sem helst er verið að brjóta á.

SJÁLFBODAVINNA OG PRUFUTÍMAR

Brotin eru margvísleg. Algengast er að laun og önnur starfskjör séu langt undir þeim kjarasamningsbundnu réttindum sem hér gilda. Þá eru dæmi um erlend ungmenni sem hingað koma í sjálfbodavinnu, en fyrirtæki ber að greiða kjarasamningsbundin laun fyrir vinnuna ef um efnahagslega starfsemi er að ræða í samkeppni við önnur fyrirtæki. Þá eru dæmi um svokallaða prufutíma, eða reynsluráðningu, þar sem ungmenni eru látin vinna launalaust í einhverja daga, en sumir atvinnurekendur telja fjarstæðu að borga fólki meðan það er að „læra“.

Einnig koma upp dæmi um að erlendir starfsmenn séu hvergi skráðir og séu á launum og öðrum starfskjörum eins og tíðkast í heimalöndum þeirra. Í sumum tilfellum er um fagmenntaða starfsmenn með áratuga reynslu að ræða sem eru á kjörum eins og 18 ára unglingar sem eru að byrja á vinnumarkaði. Þetta eru bara nokkur dæmi um brotastarfsemi á vinnumarkaði.

Ljóst er að verkefnið er ærið og snýr ekki síst að því að breyta viðhorfinu í samfélaginu til þessara mála – allir tapa á undirboðum og svartri atvinnustarfsemi nema svindlararnir.

MARKMIÐ VERKEFNISINS:

- Að tryggja kjör og réttindi á íslenskum vinnumarkaði fyrir alla sem hér starfa, þ.m.t. útlendinga sem hingað koma og ungt fólk sem er að hefja þátttöku á vinnumarkaði
- Að tryggja starfsemi og eðlilega samkeppnisstöðu fyrirtækja sem virða kjarasamninga og lög og þau viðmið og samskipti sem gilda á íslenskum vinnumarkaði og eru kjölfestan í íslensku atvinnulífi
- Að tryggja að sameiginlegir sjóðir samfélagsins fái sitt til að fjármagna m.a. öflugt heilbrigðis-, velferðar- og menntakerfi




Verkefnið beinist gegn þeim fyrirtækjum sem misnota erlent vinnuafli og ungt fólk og skapa sér þannig samkeppnisforskot. Verkefnið beinist ekki gegn erlendum starfsmönnum sem komið hafa hingað til lands í góðri trú.

ÁHERSLA ER LÖGÐ Á:

- Breytt viðhorf með það að markmiði að landsmenn styðji baráttuna gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði með virkum hætti.
- Að upplýsa erlenda starfsmenn og ungt fólk um réttindi sín og skyldur.
- Að upplýsa erlend fyrirtæki og aðra atvinnurekendur sem ráða erlenda starfsmenn og ungt fólk um skyldur sem því fylgja.
- Að upplýsa brot á vinnumarkaði, krefjast úrbóta og koma upplýsingum um meint brot til viðkomandi stjórnvalda og eftirlitsstofnana.
- Að upplýsa íslenskt launafólk og allan almenning um mikilvægi þess að uppræta undirboð á vinnumarkaði og svarta atvinnustarfsemi.

VILTU TILKYNNNA SVINDL?

Á heimasíðu ASÍ, www.asi.is, er hægt að senda inn ábendingu um brot gegn réttindum starfsfólks á vinnumarkaði. Fullum trúnaði er heitið. 

Ert þú að hugsa um
að fara í **nám**?

Hefur þú verið á
námskeiði nýlega?

- Samkvæmt nýjum reglum SVS er nú hægt að fá endurgreitt 75% af námskostnaði. Styrkupp hæðin getur numið allt að 90.000 kr. á ári.
- Markmið með nýjum reglum SVS er að hvetja félagsmenn til aukinnar þátttöku í símenntun.

Kynntu þér nýjar reglur SVS á www.starfsmennt.is eða hjá þínu stéttarfélagi.

*Að uppfylltum skilyrðum styrkveitingar



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



STARFSMENNTASJÓÐUR
VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS

Að Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks standa SA, VR og LÍV.



NÝTT HÚS Á KIRKJUBÆJARKLAUSTRI

VR hefur fest kaup á orlofshúsi á Kirkjubæjarklausti. Húsið heitir Lynghóll og er við Hæðargarðsvatn og Hraun. Í húsinu eru tvö svefnherbergi, þ.e. eitt hjónaherbergi og eitt kojuherbergi með tvíbreiðri neðri koju. Einnig er svefnloft með dýnum. Svefnpláss, sængur og koddar, er fyrir átta manns. Stofa og eldhús eru í sameiginlegu rými. Baðherbergi er með sturtu. Allur helsti útbúnaður fylgir, þ.e. sjónvarp, útvarp, ísskápur, eldavél, örbylgjuofn og gasgrill. Ræstiefni og áhöld.



ORLOFSHÚS Í DANMÖRKU

Félagsmönnum VR standa til boða tvö orlofshús í Danmörku í sumar. Hægt er að leigja húsin eina viku í senn, frá föstudegi til föstudags. Í húsunum eru tvö svefnherbergi og gert ráð fyrir að fjórir geti gist ásamt barni undir tveggja ára. Húsin eru búin furuhúsgögnum, sjónvarpi, nettengingu, litlum ísskáp með frystihólf, eldhúskrók, kolagrilli og útihúsgögnum.

Nokkrar vikur eru lausar í sumar – hægt er að bóka og fá nánari upplýsingar um húsin og önnur orlofshús á orlofsvef VR www.orlof.is/vr

ORLOFSHÚS VR

KOMU- OG BROTTFARARTÍMI

Á sumrin er komutími kl. 17.00 og ætlast er til að leigjendur yfirgefi húsin fyrir kl. 12.00 á brottfaradegi nema kl. 19.00 á sunnudögum. Við minnum félagsmenn á að ganga vel frá þegar heim er farið og fara með rusl í gáma.

AFBÓKANIR

Reglur um afbókanir og endurgreiðslu vegna orlofshúsa eru sem hér segir:

- Ef orlofshúsi er skilað allt að 60 dögum fyrir upphaf leigutöku fást 100% leigugjaldsins endurgreidd.
- Ef orlofshúsi er skilað 60-14 dögum fyrir upphaf leigutöku fást 85% leigugjaldsins endurgreidd.
- Ef orlofshúsi er skilað 14-7 dögum fyrir upphaf leigutöku fást 50% leigugjaldsins endurgreidd.
- Ef orlofshúsi er skilað 7-3 dögum fyrir upphaf leigutöku fást 20% leigugjaldsins endurgreidd.
- Ef orlofshúsi er skilað 3 dögum eða seinna fyrir upphaf leigutöku þarf að greiða fulla leigu fyrir húsið.



TJALDSVÆÐI VR Í MIÐHÚSASKÓGI

Svæðið er allt hið glæsilegasta og mjög fjölskylduvænt. Það er búið öllum helstu þægindum sem hægt er að bjóða upp á á tjaldsvæði og öll aðstaða er til fyrirmyndar. Þar er góð grillaðstaða, vaskar, snyrtingar, sturtur, útivaskar undir þaki, heitt og kalt vatn og þvottavél sem gestir hafa til afnota. Skemmtileg leiktæki eru á svæðinu, aparóla, frísíggolfvöllur, uppblásið trampólín, míníggolf og skemmtilegar gönguleiðir í miklum gróðri og fallegu umhverfi. Á svæðinu er góð aðstaða fyrir tjöld, tjaldvagna, húsbíla og fellihýsi. Pláss er fyrir 40-50 ferðavagna og bíla með aðgangi að rafmagni á mjög hagstæðu verði. Svæðið er opnað í byrjun júní og er fyrir VR-félaga og fjölskyldur þeirra.

ÚT Í HEIM MEÐ GJAFABRÉFI VR

Ertu að fara til útlanda eða langar að ferðast innanlands?



STOKKHÓLMUR

Félagsmenn VR fá afslátt hjá Icelandair, WOW air, flugfélaginu Ernir, Sumarferðum og hjá Úrvali Útsýn. Afslátturinn er í formi gjafabréfa sem hægt er að kaupa á orlofsvef VR. Ekki er hægt að skila bréfunum eftir að þau hafa verið keypt. Við bendum félagsmönnum á að kynna sér skilmálana vel áður en bréfin eru keypt.

Gjafabréf Icelandair kostar 23.000 kr og jafngildir 30.000 kr. greiðslu upp í flug og/eða pakkaferðir Icelandair. Gjafabréfið gildir ekki upp í skatta á Vildarpunktamiðum. Gjafabréf Icelandair gildir í tvö ár frá útgáfudegi.

Gjafabréf WOW air kostar 18.250 kr og jafngildir 25.000 kr. greiðslu upp í flug hjá WOW air. Einungis er hægt að nota eitt gjafabréf á mann í hverri bókun. Gjafabréf WOW air gildir í tvö ár frá útgáfudegi.

Gjafabréf Sumarferða kostar 25.000 kr og jafngildir 30.000 kr. greiðslu upp í pakkaferð. Gildir í allar auglýstar pakkaferðir til 31. desember 2016. Nota má eitt gjafabréf á hvern félagsmann.

Gjafabréf Úrvals Útsýnar kostar 25.000 kr. og jafngildir 30.000 kr. greiðslu upp í pakkaferð. Gildir í allar auglýstar pakkaferðir 31. desember 2016. Nota má eitt gjafabréf á hvern félagsmann.

Flugávisun Flugfélagsins Ernir gildir sem greiðsla á flugmiða aðra leið fyrir einn til eða frá Vestmannaeyjum, Húsavík, Höfn í Hornafirði og Bíldudal. Flugávisunin gildir eingöngu fyrir félagsmann VR. Taka þarf fram við pöntun að greitt sé með flugávisun frá VR. Athugið að takmarkanir eru á flugi til Hafnar í Hornafirði og Vestmannaeyja yfir sumartímann, sjá nánar á orlofsvef VR.

Nánari upplýsingar eru á orlofsvef VR www.orlof.is/vr

AFSLÁTTUR FYRIR FÉLAGSMENN VR

Við minnum á að félagsmenn VR fá afslátt hjá ýmsum fyrirtækjum. Það eina sem þarf að gera er að fara á orlofsvef VR og prenta út staðfestingu á félagsaðild. **Taka þarf fram að um Frímann afslátt sé að ræða og framvísa staðfestingu á félagsaðild.** Hér eru nokkur þeirra fyrirtækja sem veita félagsmönnum afslátt:



Afþreying og frístundir

Fákasel 2 fyrir 1

Ingólfshvoli, 816 Ölfus
2 fyrir 1 á stóru sýninguna Legends of Sleipnir – Hestaleikhús. Sýningarnar eru alla daga vikunnar kl. 19.00.

Hvalir Ísland - 2 fyrir 1

Fiskislóð 23-25, Reykjavík
Tveir fyrir einn á hvalasýninguna.

Elding 15%

Ægisgarður 5, 101 Reykjavík
15 % afsláttur af hvalaskoðun.

Íshestar 25%

Sörlaskeiði 26, 221 Hafnarfirði
25% afsláttur af Hraunferð D02.

Fjór hjólaævintýri ehf. 20%

Hamraborg 10, 200 Kópavogur
20% afsláttur af öllum ferðum.

Laugarvatn Fontana 2 fyrir 1

Hverabraut 1, 840 Laugarvatni
2 fyrir 1. Ókeypiss fyrir börn 12 ára og yngri.

Dansskóli Jóns Péturs og Köru 5%

Valsheimilið við Hlíðarenda, 101 Reykjavík
5% afsláttur af einu námskeiði á hverri önn. Hægt verður að nota kortið fyrir námskeið fyrir þör eða börn korthafa.

Örninn Golfverslun 5-7%

Bildshöfða 20, 110 Reykjavík
5% afsláttur af golfsettum og 7% afsláttur af öllum öðrum vörum.

Örninn Reiðhjólaverslun 5-7%

Faxafeni 8, 108 Reykjavík
5% afsláttur af hjólum og 7% afsláttur af fylgihlutum.

Snóker- og Poolstofan klúbbafláttur

Lágmúla 5, 108 Reykjavík
Félagsmenn fá sömu kjör og klúbbsmeðlimir.

Arctic Adventures/Rafting 20%

Laugavegur 11, 101 Reykjavík
20% afsláttur af River Fun dagsferð í Hvítá.

Keilan Akureyri 20%

Hafnarstræti 26, 600 Akureyri
20% afsláttur.

Fjallsárlón siglingar 20%

Fjallsárlón, 781 Höfn í Hornafirði
20% af öllum ferðum.

Stóra-Ásgeirsá, Húsdýragarður 10-20%

Stóru-Ásgeirsá, 531 Hvammstanga
20% afsláttur af aðgangseyri í húsdýragarð og 10% afsláttur af hestaleigu.



Bíllinn

Aðalsendibílar 15%

Víkurharfi 2, 203 Kópavogi
15% afsláttur.

Aðalskoðun 10%

Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði
10% afsláttur af almennum skoðunum.

Afrefsvörur 15%

Álfheimum 74, 104 Reykjavík
15% afsláttur.

Barðinn 12%

Skútuvegur 2, 104 Reykjavík
12% afsláttur.

Bílvogur 10%

Auðbrekka 17, 200 Kópavogur
10% afsláttur af efni, smurvinnu, bremsuviðgerðum,

Bónstöð Hafnarfjarðar 10%

Fjarðargata 13, 200 Hafnarfjörður
10% afsláttur af bóni.

Bónstöðin Borgartúni 10%

Borgartún 21, 105 Reykjavík
10% afsláttur af bóni.

Bónstöðin hjá Jobba 10%

Skeifan 17, 108 Reykjavík
10% afsláttur af bóni.

Dekkjahöllin 10-15%

Skeifan 5, 108 Reykjavík
15% af dekkjum, 10% af vinnu við smur og dekk gegn staðgreiðslu á öllum stöðvum.

Frumherji 15%

Hesthálslí 6-8, 110 Reykjavík
15% afsláttur af aðalskoðun.

Klettur 12%

Klettagörðum 8-10, 104 Reykjavík
12% staðgreiðslu afsláttur af smur- og dekkjapjónustu.

Löður 12%

Fiskislóð 29, 101 Reykjavík
12% afsláttur af svampburstastöðinni á Fiskislóð.

Olís og ÓB -7 kr afsláttur

Katrínartúni 2, 105 Reykjavík
Viðkomandi þarf að sækja um ÓB lykíl með kennitölu og hópaorði.

Sólning 12%

Smiðjuvegi 68-72, 200 Kópavogi
12% afsláttur.

Stilling 5-15%

Kletthálsi 5, 110 Reykjavík
15% staðgreiðsluafsláttur, 5% afsláttur ef greitt er með kreditkort, af vinnu.

Tékkland 15%

Borgartúni 24, 105 Reykjavík
15% afsláttur af aðalskoðun fyrir öll ökutæki.

Bílaleiga Akureyrar 10%

Skeifan 9, 108 Reykjavík
10% afsláttur af vefverðum og tilboðum á heimasíðu. Gildir hjá útibúum um land allt.

Bílaleiga Hertz 10%

Flugvallarvegur 5, 101 Reykjavík
10% afsláttur af bílaleigubílum (bílum með standard 100 km inniföldum). Afsláttanúmerið er: Frímann.



EKKI GLEYMA ÞÉR!

Hefur könnunin á fyrirtæki ársins og launakjörum 2016 ekki örugglega borist til þín? Þú gætir unnið ferðavinning, miða á Airwaves eða einhvern af fjölda annarra vinninga.

Könnun VR á Fyrirtæki ársins og launakjörum stendur til 18. mars næstkomandi. VR hefur kannað viðhorf félagsmanna sinna í tvo áratugi og hefur könnunin stækkað ár frá ári. Í dag nær hún til fleiri en eingöngu félagsmanna VR; hún nær til fimmtíu þúsund starfsmanna á almennum og opinberum vinnumarkaði. Við hvetjum þig til að taka þátt og segja hvað þér finnst. Fjöldi vinninga er í boði, leikhúsmíðar, bíómiðar og helgardvöl í orlofshúsi VR auk stærri ferðavinninga og miða á Airwaves-hátíðina í haust.

TVÍSKIPT KÖNNUN

Könnunin er tvískipt hvað varðar þátttöku félagsmanna VR. Annars vegar er spurt um viðhorf til ýmissa þátta á vinnustaðnum, s.s. aðbúnaðar, stjórnunar, starfsanda og samskipta. Þessi hluti könnunarinnar nær til allra félagsmanna auk fjölda annarra starfsmanna fyrirtækja sem bjóða öðrum en VR-félögum þátttöku. Niðurstöðurnar eru birtar í maí og eru þá jafnframt kynnt fyrirtæki ársins.

Hinn hluti könnunarinnar snýr að launakjörum og er eingöngu sendur til fullgildra félagsmanna. Þar er spurt um laun og launatengdar greiðslur. Í ljósi þess að nýsamþykktir kjarasamningar fela í sér hækkun launa frá og með 1. janúar 2016 stefnir VR að því að endurtaka hluta launakönnunarinnar í maí til að kanna hvort hækkunin hafi ekki skilað sér til félagsmanna.

AF HVERJU KÖNNUN Á FYRIRTÆKI ÁRSINS?

Könnun VR á Fyrirtæki ársins er vettvangur starfsmanna til að láta stjórnendur á vinnustaðnum vita hvað vel er gert og hvað má betur fara.

Þetta er tækifæri þeirra til að láta rödd sína heyrast og gefur þeim einnig dýrmætar upplýsingar um stöðuna á vinnustaðnum í samanburði við aðra sambærilega vinnustaði.

En niðurstöðurnar eru ekki síður mikilvægar fyrir stjórnendur, því að þær eru mælikvarði á frammistöðu þeirra. Niðurstöðurnar gefa stjórnendum upplýsingar um viðhorf starfsmannanna til ólíkra þátta í stjórnun og starfsumhverfi fyrirtækisins.

AF HVERJU LAUNAKÖNNUN?

Launakönnun er fyrst og fremst tæki fyrir félagsmenn í kjarabaráttunni. Niðurstöðurnar gefa þeim upplýsingar um laun og launakjör í mismunandi starfsgreinum og atvinnugreinum, sem og þróun launa á milli ára. Þetta er tækifæri til að bera saman laun fyrir sambærileg störf. Niðurstöður launakönnunar veita félaginu einnig innsýn í þróun launa á milli ára og líðan starfsfólks. Síðast en ekki síst fást í launakönnun upplýsingar um launamun kynjanna og þróun hans.

Könnun VR á Fyrirtæki ársins og launakjörum er einnig afar mikilvæg félaginu. Niðurstöðurnar eru nýttar í starfsemi félagsins og kjarabaráttu þess. Þær sýna okkur hvar við eigum að beita okkur og hvað félagsmenn vilja leggja áherslu á. [VR](#)

HEFUR KÖNNUNIN EKKI BORIST ÞÉR?
Hafðu samband við okkur á vr@vr.is



ÁTTIN.IS

Einfaldari leið fyrir fyrirtæki til að sækja um styrk til starfsmenntasjóða

Átta starfsmenntasjóðir hafa sameinast um eina vefgátt sem tekur á móti umsóknum fyrirtækja vegna styrkja til fræðslu starfsmanna sinna. Vefgáttin ber heitið Áttin.is og geta fyrirtæki farið inn á vefsíðuna og sótt um til eins, fleiri eða allra sjóðanna sem standa að gerð Áttarinnar, allt eftir stéttarfélagsaðild starfsmanna fyrirtækisins. Þeir starfsmenntasjóðir sem standa að Áttinni eru:

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks (VR/LÍV & SA)

Starfsmenntasjóður verslunarinnar (VR/LÍV & FA)

ÍÐAN fræðslusetur

Rafiðnaðarskólinn

Landsmennt (Stéttarfélag á landsbyggðinni & SA)

Menntasjóður VSSÍ og SA

Starfsafli (Efling, Hlífl, VSK & SA)

Sjómennt

FRÆÐSLUSTJÓRI AÐ LÁNI

Fræðslustjóri að láni er samvinnuverkefni allra sjóðanna/setranna. Fyrirtæki geta sótt um að fara af stað með verkefnið Fræðslustjóri að láni sem byggir á að lána mannauðsráðgjafa til fyrirtækja, sérhæfðan í vinnustaðfræðslu og óformlegri menntun. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækisins, vinnur þarfagreiningu á fræðslu starfsmanna og vinnur fræðsluáætlun sem fyrirtækið nýtir til að mæta þörfum starfsmanna sinna.

STYRKIR TIL FYRIRTÆKJA

Öll fyrirtæki greiða iðgjald í starfsmenntasjóði/-setur og mynda þannig rétt í sjóðina og geta sótt um styrki til námskeiðahalds fyrir starfsmenn sína.

Réttur fyrirtækja sem greiða iðgjald í Starfsmenntasjóð verslunar- og skrifstofufólks (VR/LÍV & SA)

- Styrkur getur numið að hámarki 50% af kostnaði við námskeiðahald og að hámarki 50.000 kr. á starfsmann sem er félagsmaður í VR/LÍV.
- Styrkur til fyrirtækis getur orðið að hámarki 50% af greiddum iðgjöldum til sjóðsins á 36 mánuðum.
- Fyrirtæki getur ekki sótt um styrk vegna náms/námskeiðs sem einstaklingur hefur fengið styrk fyrir.
- Fyrirtæki þarf að hafa greitt iðgjöld í sjóðinn í 12 mánuði til að eiga rétt á styrk.
- Sækja þarf um styrk innan 12 mánaða frá því að námskeið var haldið

LÆKKAÐ IÐGJALD Í SVS

Þau fyrirtæki sem greiða iðgjald til Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks geta sótt um lækkað iðgjald til sjóðsins og greiða þá 0,1% í stað 0,3%. Skilyrði fyrir lækkuðu iðgjaldi í sjóðinn er að kostnaður vegna fræðslu félagsmanna á 12 mánaða tímabili sé hærri en sem nemur 0,3% af heildarlaunum þeirra. Fyrirtækið þarf jafnframt að sýna fram á virka menntastefnu og senda inn námskrá eða fræðsluáætlun fyrirtækisins. ^{VR}



ÁTTU RÉTT Á FRÆÐSLUSTYRK?

Ef þú hefur hugsað þér að bæta hæfni þína í starfi, auka þekkingu eða bara læra eitthvað nýtt og skemmtilegt ættir þú að kanna rétt þinn í starfsmenntasjóði á Mínunum síðum á vef VR.

VR er aðili að tveimur starfsmenntasjóðum; Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks (SVS) og Starfsmenntasjóði verslunarinnar (SV). Aðild félagsmanns fer eftir því hvorum kjarasamningi vinnuveitandi fylgir; kjarasamningi við Samtök atvinnulífsins sem greiðir til SVS eða Félagi atvinnurekenda sem greiðir til SV. Mikill meirihluti félagsmanna, um 95%, tengist Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks.

REGLUR STARFSMENNTASJÓÐANNA

Réttindi til styrks byggja á félagsgjaldi sem greitt hefur verið sl. 12 mánuði. Réttindin eru hlutfallsleg ef laun eru lægri en byrjunarlaun. Félagsmenn VR geta sótt um styrki vegna starfsnáms, tómstundanáms og ferðakostnaðar samkvæmt reglum sjóðanna. Skilyrði fyrir styrkveitingu er að félagsmaður greiði námsgjöld/námskeiðsgjöld/ráðstefnugjöld. Hámarksstyrkur er kr. 90.000 á hverju almanaksári.

- 75% af námi/starfstengdu námskeiðsgjaldi/ráðstefnugjaldi – hámark 90.000 kr. á ári.
- 50% af ferðastyrk – hámark 30 þúsund krónur (dregst frá hámarksstyrk).
- 50% af tómstund – hámark 20 þúsund krónur (dregst frá hámarksstyrk).

UPPSAFNAÐUR RÉTTUR

Ef ekkert hefur verið sótt um í starfsmenntasjóðinn í þrjú ár í röð er hægt að sækja um styrk fyrir 75% af námskeiðsgjaldi að hámarki 270.000 kr. fyrir einu samfelldu námi. Greiðslur til sjóðsins þurfa að hafa borist að lágmarki í 30 mánuði af síðustu 36 mánuðum fyrir dagsetningu umsóknar.


Réttindi falla niður 6 mánuðum eftir að félagsgjöld hætta að berast.

Ellilífeyrisþegar halda fullum rétti í 12 mánuði eftir að greiðslur til sjóðsins hætta að berast og 36 mánuði fyrir tómstundastyrk.

HVERNIG Á AÐ SÆKJA UM?

Á Mínunum síðum á vef VR er hægt að sjá stöðuna í starfsmenntasjóðum og senda inn rafræna umsókn. [VR](#)

KROSSGÁTAN

						Fristundar krossgátur ©	ÁVIXL	TÍMABIL	TIL AÐ TVINNA MÆÐ	BLOKK		OF LÍTIÐ	SJÓÐA MAT	DRYKKUR AF LAUFUM	SKRIFARA	SÍÐA	FOR-SKEYTI	
						NAUÐSYN (slang)					ÁRS-TÍÐAR	1						
						SPYRJA					HEILDAR-EIGN HAFNA							
						ÍSLAND Á 9. ÖLD								SAUÐA-SKÍTUR KVEDJA				
							HAF	ÆVI FYRIR GRIPI				HRÓP MANNS- NAFN			2	REKU	SLUMS	
						IBÚI Á AFRIKU							GALSI					
						GLAUM- GOSI							TÖLU- SK.ST.					
										ÁNYJAN LEIK				KEYRA				
										JAFN- FRAMT				STÓ				
						LIFI- BRAUÐ				RÁFA HAND- BOR						KALL MÖRK TÍMABILA		
						TIL- BIÐJANDI			EYRIKI AFKV/EMI				ÚR HARPIX KORN				RYK- KORN	
						LOKIÐ							FESTING Á UPP- HLUT MISFARIR				3	
						RÓMV. TALA	STÖÐUGT SVELGUR			5			SMÁ KORN FAT					
						LITRÓF				TIL AÐ RIFA EFTIR DRYKK						SPÍRUN	SKRIFA NIÐUR	
						SÆDÝR		KIPPUR SEM LIFIR Á JURT- UM		4	PRJÁL GARG			DÆS PENJILL- IN			6	
						GÓL		VEÐ SIFJALÍÐ			FROSID VATN DÁINN		LÝÐUR ÆTLA					
						UPPHAF	SKYLD- MENNI SUND						RADD- SVEIFL- UR HINN					
						MASTUR	SAURGA ÚR- GANGUR		7	MOSA- FLÁKI VERK- FÆRI		UMFRAM BLÁSA			LÍK FINNA			
						GERVI- EFNI		LANGAFI SÓMI			BÍTUR GRÓF					HLJÓÐ Í DYRI	LÆKKUN	
						BEYGJA	8 MAR SK.ST. TÍMA		VIT- STÓLA LÍKA		ÓSLITINN SPURN							
						SKÓLA- STJÓRI				KASTA				UTAN- VERÐUR				
														9	BYRÐI			



VERÐLAUN FYRIR RÉTTA LAUSN KR. 15.000

Lausnin á síðustu krossgátu er: „Hláturmildi“


Vinningshafi krossgátunnar úr síðasta blaði er **Íris Ríkarösdóttir**. Íris, sem er Hafnfröðingur í húð og hár, er gift Sveinbirni Nikulássyni og þau eiga von á fjórða barni sínu í vor. Íris vinnur á verkfræðistofunni EFLU við hönnun, kynningarmál og ljósmyndun. Hún stundar Pilates og fjallgöngur þó svo að lítið fari fyrir því þessa dagana út af meðgöngunni. Krossgátunum sinnir hún svo í bústaðnum, en hann er uppháldsstaður hennar á Íslandi fyrir utan heimilið. Íris elskar að fara í sund með krökkunum sínum, borða veislumat foreldra sinna og ferðast með manninum sínum.

Í lausn krossgátunnar hér að ofan er orð. Vinsamlegast látið kennitölu fylgja og skrifðu „**krossgáta**“ utan á umslagið. **Skilafrestur er til 5. apríl 2015.** Utanáskriftin er: **VR-blaðið, Krínglunni 7, 103 Reykjavík.** Einnig er hægt að senda lausnina á krossgata@vr.is



KLUKK

KLUKK-INN | KLUKK-ÚT



VERTU MEÐ VINNUTÍMANA Á HREINU

Klukk er nýtt og frítt tímaskráningarapp fyrir launafólk. Þú skráir vinnutímana þína með einum smelli í Klukk og veist þá nákvæmlega hversu mikið þú vinnur og hvenær. Hægt er að virkja staðsetningarbúnað í appinu sem minnir þig á að klukka þig inn eða út. Náðu þér í Klukk í AppStore eða á GooglePlay.

Nánar á asi.is/klukk



Veist þú hvað aðrir eru með í laun?

Launakönnun VR fer fram samhliða vali á fyrirtæki ársins. Hún gefur þér mikilvægar upplýsingar um laun á vinnumarkaði og er öflugt tæki til að bera saman launakjör. Þannig getum við öll stuðlað saman að eðlilegri og sanngjarnri þróun launa. Þú getur bókstaflega grætt á að taka þátt.

Svaraðu launakönnuninni og þú gætir unnið glæsilega vinninga:

- Gjafabréf frá Icelandair
- Passar á Iceland Airwaves
- Helgardvöl í orlofshúsi VR
- Bíómiðar
- Leikhúsmiðar

